Samþætting námsgreina og samvinna kennara

Skapandi hópverkefni 2016

Agnes Skúladóttir, Arianna Ferro, Ásdís Elva Jónsdóttir, Bjarni Bachmann, Bryndís María Olsen, Eva María Örnólfsdóttir, Hildur Hanna Ingólfsdóttir, Hulda Guðlaugsdóttir, Jóhanna Ómarsdóttir, Karen Óskarsdóttir, María Rós Valgeirsdóttir, Ólöf Katrín Þórarinsdóttir, Sigurður Ólafsson, Stefanía Ósk Þórisdóttir, Steinunn Elísabet Benediktsdóttir.

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Kennaradeild

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Samþætting námsgreina og samvinna kennara

Skapandi hópverkefni 2016

Agnes Skúladóttir, Arianna Ferro, Ásdís Elva Jónsdóttir, Bjarni Bachmann, Bryndís María Olsen, Eva María Örnólfsdóttir, Hildur Hanna Ingólfsdóttir, Hulda Guðlaugsdóttir, Jóhanna Ómarsdóttir, Karen Óskarsdóttir, María Rós Valgeirsdóttir, Ólöf Katrín Þórarinsdóttir, Sigurður Ólafsson, Stefanía Ósk Þórisdóttir og Steinunn Elísabet Benediktsdóttir.

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í grunnskólakennarafræði

Leiðbeinendur: Guðbjörg Pálsdóttir og Kristín Á. Ólafsdóttir

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2016

Samþætting námsgreina og samvinna kennara

Ritgerð þessi er hluti af 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs
í grunnskólakennarafræði við Kennaradeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Agnes Skúladóttir, Arianna Ferro, Ásdís Elva Jónsdóttir, Bjarni Bachmann, Bryndís María Olsen, Eva María Örnólfsdóttir, Hildur Hanna Ingólfsdóttir, Hulda Guðlaugsdóttir, Jóhanna Ómarsdóttir, Karen Óskarsdóttir, María Rós Valgeirsdóttir, Ólöf Katrín Þórarinsdóttir, Sigurður Ólafsson, Stefanía Ósk Þórisdóttir og Steinunn Elísabet Benediktsdóttir 2016

Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfunda.

Reykjavík, 2016

Ágrip

Þema *Skapandi hópverkefnis 2016* var valið með lýðræðislegri netkosningu haustið 2015. Niðurstaðan var *Samþætting námsgreina og samvinna kennara.* Alls tóku 15 kennaranemar þátt í *Skapandi hópverkefni 2016* sem er lokaverkefni til B.Ed. gráðu. Heildarhópurinn skoðaði þemað út frá ýmsum hliðum og íhugaði hvernig hægt væri að útfæra það á skapandi hátt. Margar hugmyndir komu fram og af þeim voru valdar þrjár áhugaverðar til að vinna með. Kennaranemar völdu sig í undirhópa eftir áhugasviði.

Undirhóparnir skoðuðu hver fyrir sig fræðilegar heimildir tengdar samþættingu námsgreina og samvinnu kennara ásamt áherslum í *Aðalnámskrá grunnskóla* og lögum um grunnskóla á Íslandi. Heimildavinnan studdi við þær hugmyndir kennaranema um að þörf væri á aukinni samþættingu námsgreina og samvinnu kennara. Einnig sýndu fræðin fram á jákvæð áhrif samþættingar námsgreina og samvinnu kennara á starf þeirra og nám nemenda.

Undirhóparnir þrír einbeittu sér hver í sínu lagi að sinni afurð. Afurðirnar voru:

- Spil fyrir kennara og kennaranema sem heitir *Leið til kveikju.*
- Kennsluhugmyndabanki í formi vefsíðu sem heitir *Vefsíða með kennsluhugmyndum - með áherslu á samþættingu námsgreina og samvinnu kennara.*
- Skáldsaga með kennsluhugmyndum fyrir kennara og nemendur sem heitir *Ævintýri Gunnu.*

Upplýsingum um afurðirnar var síðan safnað saman á sameiginlega heimasíðu *Skapandi hópverkefnis 2016*, skrif.hi.is/skapandihopverkefnibed/, þar sem finna má ítarlegar upplýsingar um hvert verkefni.

Efnisyfirlit

Ágrip **3**

Formáli **6**

1 Inngangur **7**

2 Leið til kveikju **9**

2.1 Inngangur 9

2.2 Starfsþróun kennara 9

2.3 Kennsluaðferðir 10

2.4 Samþætting námsgreina 11

2.5 Samvinna kennara 13

2.5.1 Mismunandi aðferðir í samvinnu kennara 14

2.6 Leið til kveikju 16

2.6.1 Hugmyndin 16

2.6.2 Tilgangur spilsins 16

2.6.3 Leiðbeiningar um notkun 17

2.6.4 Stokkarnir 17

2.6.4.1 Hugtök 18

2.6.4.2 Kennsluaðferðir 18

2.6.4.3 Námsgreinar 18

2.6.4.4 Lykilhæfni 18

2.6.5 Ferlið 18

2.6.6 Hópurinn okkar 19

2.6.7 Hugmyndavinnan 19

2.6.8 Samstarfið 20

2.6.9 Útlitshönnun 20

2.7 Sýning 21

2.8 Lokaorð 22

3 Vefsíða með kennsluhugmyndum **23**

3.1 Inngangur 23

3.2 Samvinna kennara 24

3.3 Samþætting námsgreina 26

3.4 Samvinna nemenda 28
3.5 Vefsíða með kennsluhugmyndum 29
3.6 Sýning 30
3.7 Lokaorð 31
4 Ævintýri Gunnu 33
4.1 Inngangur 33
4.2 Aðalnámskrá grunnskóla 34
4.3 Grunnþættir menntunar 35
4.3.1 Læsi 36
4.3.2 Sköpun 36
4.3.3 Heilbrigði og velferð 36
4.3.4 Jafnrétti 37
4.3.5 Lýðræði og mannréttindi 37
4.3.6 Sjálfbærni 37
4.4 Samvinna kennara 38
4.5 Samþætting námsgreina 38
4.6 Uppbygging bókarinnar 39
4.6.1 Notkun bókarinnar 40
4.6.2 Kennsluaðferðir (nýttar í sögu- og verkefnabókinni) 40
4.7 Leiklist í kennslu 43
4.8 Mikilvægi hreyfingar 44
4.9 Vinnuferlið 45
4.10 Sýningin 45
4.11 Lokaorð 46
Heimildaskrá 48

Formáli

Skapandi hópverkefni 2016 er leið sem kennaranemar geta valið sem lokaverkefni til B.Ed. gráðu í grunnskólakennarafræði við Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Þetta er í fjórða skiptið sem þessi leið er í boði og völdu 15 nemendur að taka þátt að þessu sinni. Þema heildarhópsins var *Samþætting námsgreina og samvinna kennara*. Flestir höfundar verkefnisins stunda nám í grunnskólakennslu en aðrir í faggreinakennslu.

Við viljum þakka leiðbeinendum okkar þeim Kristínu Á. Ólafsdóttur og Guðbjörgu Pálsdóttur fyrir góða leiðsögn og Páli Ásgeiri Torfasyni fyrir tæknilega aðstoð. Einnig viljum við þakka fjölskyldum höfunda fyrir umburðarlyndi og stuðning.

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur Siðareglur Háskóla Íslands (2003, 7. nóvember, http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálf(ar/ir) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Agnes Skúladóttir, Arianna Ferro, Ásdís Elva Jónsdóttir, Bjarni Bachmann, Bryndís María Olsen, Eva María Örnólfsdóttir, Hildur Hanna Ingólfsdóttir, Hulda Guðlaugsdóttir, Jóhanna Ómarsdóttir, Karen Óskarsdóttir, María Rós Valgeirsdóttir, Ólöf Katrín Þórarinsdóttir, Sigurður Ólafsson, Stefanía Ósk Þórisdóttir og Steinunn Elísabet Benediktsdóttir.

Reykjavík, 10. maí 2016

Agnes Skúladóttir, Arianna Ferro, Ásdís Elva Jónsdóttir, Bjarni Bachmann, Bryndís María Olsen, Eva María Örnólfsdóttir, Hildur Hanna Ingólfsdóttir, Hulda Guðlaugsdóttir, Jóhanna Ómarsdóttir, Karen Óskarsdóttir, María Rós Valgeirsdóttir, Ólöf Katrín Þórarinsdóttir, Sigurður Ólafsson, Stefanía Ósk Þórisdóttir og Steinunn Elísabet Benediktsdóttir (sign.)

1 Inngangur

Í nýrri *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013) er lögð áherlsa á samþættingu námsgreina og samvinnu kennar. Okkur fannst því tilvalið að vinna út frá yfirheitinu *Samþætting námsgreina og samvinna* kennara og útbúa einhverskonar afurðir fyrir kennara sem gætu auðveldað þeim að stuðla að samþættingu og samvinnu.

Upp komu ýmsar hugmyndir að útfærslum og af þeim voru þrjár áhugaverðustu valdar. Heildarhópurinn skipti sér því niður í þrjá undirhópa. Undirhóparnir voru: *Leið til kveikju, Vefsíða með kennsluhugmyndum - með áherslu á samþættingu námsgreina og samvinnu kennara* og *Ævintýri Gunnu.* Kennaranemar völdu sig í undirhópa eftir áhugasviði.

Fyrsti kafli greinargerðarinnar fjallar um *Leið til kveikju. Leið til kveikju* er spil ætlað kennurum og öðru faglærðu starfsfólki grunnskóla til aðstoðar við að fá hugmyndir að samvinnu kennara og samþættingu námsgreina. Með spilinu viljum við hvetja til samvinnu á milli kennara og í leiðinni hvetja þá til að samþætta námsgreinar, í þeim tilgangi að gera námið merkingarbærara fyrir nemendur. Spilið má nota til að fá hugmyndir að óhefðbundnum nálgunum í kennslunni. *Leið til kveikju* er ekki hugsað sem lausn á verkefnaskorti, heldur sem kveikja að verkefnagerð og vinnubrögðum. Spilið ætti að gagnast kennaranemum auk starfsfólk skólanna.

Annar kafli greinargerðarinnar fjallar um Vefsíðu *með kennsluhugmyndum - með áherslu á samþættingu námsgreina og samvinnu kennara.* Í kaflanum eru færð rök fyrir því að viðfangsefni sem þetta sé þarft fyrir kennara í dag. Markmiðið var að sýna fram á ávinning kennara og nemenda af samvinnu kennara og samþættingu námsgreina. Verkefnið var unnið með því að búa til kennsluhugmyndabanka á vefsíðu þar sem áhersla var lögð á að sýna dæmi um verkefni sem byggja á samþættingu námsgreina og samvinnu kennara.

Þriðji kafli greinargerðarinnar fjallar um *Ævintýri Gunnu. Ævintýri* Gunnu er heiti á kennsluefni fyrir miðstig grunnskóla. Námsefnið sameinar sögu og fjölbreyttar kennsluhugmyndir. Sagt er frá ævintýrum Gunnu og settar fram kennsluhugmyndir í tengslum við þau. Bókin er ætluð fyrir kennara og nemendur sem aðstoð til að samþætta námsgreinar og veita möguleika á samvinnu kennara. Í kaflanum er stuðst við ýmsar fræðigreinar og *Aðalnámskrá grunnskóla (2013)*.

Sýning á afurðum verkefnisins var haldin þann 4. maí 2016. Sýningin var haldin í Skála í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð. Heildarhópurinn ákvað í sameiningu að vera með allar afurðirnar til sýnis á sameiginlegu svæði og hjálpuðust allir að við að skreyta og gera salinn fínan og aðgengilegan. Hver hópur var þó með sitt svæði innan sameiginlega rýmisins og setti afurð sína upp að vild. Heildarhópurinn bjó til tónlistarmyndband sem fjallaði um það sem hann hafði unnið að undanfarna mánuði. Myndbandið var notað til að auglýsa atburðinn og einnig var það sýnt reglulega á sýningartíma. Heildarhópurinn skipti sér í fjórar nefndir fyrir sýningu; bakkelsisnefnd sá um umsjón veitinga; sýningarsvæðisnefnd hafði umsjón með skreytingum á sýningarsvæði; móttökunefnd sá um móttöku gesta og kynningar- og auglýsingarnefnd sá um að auglýsa atburðinn. Valinn var þemalitur fyrir sýninguna og fékk sá litur að njóta sín í skreytingum á sal, í veitingum og í klæðnaði kennaranema. Sá litur var appelsínugulur.

Upplýsingar um verkefnin þrjú voru settar á heimasíðu *Skapandi hópverkefnis*, skrif.hi.is/skapandihopverkefnibed/, og er sú vefsíða opin fyrir almenning.

2 Leið til kveikju

Agnes Skúladóttir, Arianna Ferro, Ásdís Elva Jónsdóttir, Eva María Örnólfsdóttir og Ólöf Katrín Þórarinsdóttir.

2.1 Inngangur

Þessi greinargerð er hluti af *Skapandi hópverkefni* til B.Ed gráðu árið 2016, þar sem hópur kennaranema vann að verkefnum með yfirheitið *Samþætting námsgreina og samvinna kennara.* Þessir tveir þættir haldast vel í hendur því auðvelt er að vinna að samþættingu í gegnum samvinnu og einnig að vinna saman í gegnum samþættingu. Hér verður fjallað um verkefni sem ber heitið *Leið til kveikju.*

Leið til kveikju er ein af þremur útfærslum *Skapandi hópverkefnis 2016,* það er spil sem ætlað er að hvetja kennara og kennaranema til samvinnu og að samþætta námsgreinar. Í gegnum kennaranámið hefur mikil áhersla verið lögð á mikilvægi þess að kennarar sýni samstöðu og vinni saman að því að koma til móts við þann fjölbreytta nemendahóp sem er í grunnskólum. Hugmyndin að *Leið til kveikju* varð til út frá spurningunni um það hvernig hvetja mætti kennara til þess að vinna saman að því að samþætta námsgreinar.

Til þess að gera betur grein fyrir mikilvægi samvinnu og samþættingar munum við ræða starfsþróun kennara, hversu mikilvægt það er að kennarar vinni saman og hversu öflugt það getur verið að samþætta námsgreinar. Einnig verður fjallað um hugmyndina að baki afurðinni og hvernig framkvæmd hennar fór fram.

Þær rannsóknarspurningar sem við unnum út frá eru:

- Hvað leiðir það af sér þegar kennarar vinna saman?
- Hvernig er hægt að hvetja kennara til að samþætta námsgreinar með það að markmiði að stuðla að betra námi?

2.2 Starfsþróun kennara

Starfsþróun er mikilvæg fyrir kennara þar sem nemendahópar og einstakir nemendur eru mjög ólíkir og hafa fjölbreyttar þarfir (Rúnar Sigþórsson, 1999, bls. 65-77). Samfélagið er í stöðugri þróun og þurfa kennarar að taka mið af því. Þróunin hefur áhrif á kennslu og því þurfa kennarar að vera meðvitaðir um t.d. tækninýjungar, þjóðfélagsumræður og tískubylgjur. Það sem gerist utan skólastofunnar hefur áhrif á nemendur. Þar má meðal

annars nefna umræður um bankahrunið, fátækt, flóttamenn, femínisma og önnur hitamál sem geta komið upp í samræðum nemenda við kennara.

Starfsþróun kennara felst í því að kennarar afli sér nýrrar þekkingar og færni sem þeir geta nýtt í starfi sínu (Rúnar Sigþórsson, 1999, bls. 65-77). Einn af þeim þáttum sem kennarar taka þátt í til að afla sér frekari menntunar er starfsþróun. Heimspekingurinn og prófessorinn Donald Schön (1983) skoðaði margar fagstéttir og komst að því að algengt væri að fólk sem hefði náð góðri stöðu í starfi liti svo á að það hefði lært allt sem læra þyrfti. Schön sagði að með ígrundun í starfi gætu kennarar og aðrar fagstéttir lært að þekkja eigin styrkleika og veikleika til að ná fram árangri og breytingum. Hins vegar ættu aukin menntunartilboð ekki að vera baggi á kennurum, heldur ættu þeir að vilja sækja sér þekkingu að eigin frumkvæði til þess að viðhalda áhuga og færni í starfi. Fagstéttir geta aflað sér fróðleiks á ýmsan hátt t.d. á netinu, í gegnum námskeið, með lestri tímarita og bóka, í gegnum reynslu af þróunarverkefnum og starfsfélagar hver af öðrum (Rúnar Sigþórsson, 1999, bls. 65-77).

Starfsþróun er þar að auki góð leið til að koma í veg fyrir stöðnun í starfi. Margir kennarar festast í að kenna alltaf eins, jafnvel eins og þeim sjálfum var kennt. Sökum örrar þróunar í samfélaginu verða þessar aðferðir fljótt úreltar og hafa jafnvel slæm áhrif á námsárangur og áhuga nemenda.

Rúnar Sigþórsson (1999, bls. 65-77) telur mikilvægt að kennarar meti reglulega gengi nemenda sinna út frá kennslunni. Gott gengi nemenda geti hvatt kennara til þess að halda áfram á sömu braut þegar aðferðir þeirra sýni árangur, en slæmt gengi nemenda geti bent til þess að þeir þurfi að breyta um kennsluaðferðir.

Nemendur eru eins ólíkir og þeir eru margir og því henta ekki sömu aðferðir fyrir alla. Kennarar þurfa að geta beitt fjölbreyttum kennsluaðferðum í starfi og metið hvað hentar hverju sinni. Þess vegna þurfa þeir að fá tækifæri til starfsþróunar og stuðning, t.d. með útgáfu námsefnis fyrir kennara og með niðurstöðum rannsókna um íslenskt skólakerfi.

2.3 Kennsluaðferðir

Kennsluaðferð er hugtak sem samkvæmt Ingvari Sigurgeirssyni (2013) er lýst sem athafnamynstri sem kennarar notast við, til þess að fá nemendur til að takast á við ákveðið námsverkefni. Þannig geti þeir náð markmiðum námsins. Kennsluaðferð hefur einnig verið lýst sem þeirri heildarmynd sem kennari hefur á kennslu sinni, bæði í námsefni og í samskiptum við nemendur í þeim tilgangi að þeir nái tilteknum markmiðum sem sett eru fram (Ingvar Sigurgeirsson, 2013).

Þær aðferðir sem kennarar velja að nota í kennslu sinni geta skipt máli varðandi námsárangur og áhuga nemenda. Kennarar þurfa því stöðugt að fylgjast með þróun og nýjungum í kennsluaðferðum. Þannig fá nemendur tækifæri til að ná sem flestum hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2013, bls. 48), þar sem markmið aðferðanna eru mismunandi. „Val á kennsluaðferðum og skipulag skólastarfs verður að miðast við þá skyldu grunnskóla að sjá hverjum nemanda fyrir bestu tækifærum til náms og þroska. Kennslan verður að taka mið af þörfum og reynslu einstakra nemenda og efla með nemendum áhuga og vinnugleði“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 48). Hægt er að beita nokkrum kennsluaðferðum í einni og sömu kennslustundinni þar sem það er mismunandi hvað hentar að beita þeim í langan tíma, allt frá nokkrum mínútum upp í margar klukkustundir.

Á árunum 2007-2013 framkvæmdi Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar ytra mat á kennsluaðferðum í grunnskólum Reykjavíkur. Rannsakaðar voru rúmlega eitt þúsund kennslustundir í 43 grunnskólum (Birna Sigurjónsdóttir, 2015, bls. 5). Samkvæmt heildarmatinu var algengast að nemendur ynnu að verkefnum undir beinni stjórn kennara sem ríkjandi aðferð, eða í rúmlega 37% kennslustunda. Markviss samvinna nemenda sást í 12% kennslustunda og sjálfstæð vinna nemenda kom fram í 10% kennslustunda, sem megin kennsluaðferðir. Þau vinnubrögð sem fengu minnst vægi samkvæmt athuguninni voru þemavinna og tilraunir (Birna Sigurjónsdóttir, 2015, bls. 5).

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013, bls. 89) er lögð áhersla á samvinnu nemenda, að nemendur geti unnið með öðrum og tekið þátt í samskiptum á jákvæðan hátt. Einnig er lögð áhersla á sjálfstæði þeirra í námi og að þeir geti sýnt frumkvæði. Þær kennsluaðferðir sem fela í sér möguleika á samvinnu og frumkvæði nemenda virðast þó fá lítið vægi samkvæmt ofangreindu ytra mati Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

2.4 Samþætting námsgreina

Samþætting námsgreina felst í því að tengja saman fleiri en eina námsgrein í heildstætt verkefni (Lake, 1994). Þá geta nemendur verið að læra um eitt ákveðið efni sem tvinnar saman margar greinar, t.d. samfélagsfræði, íslensku, leiklist og tónmennt. Samkvæmt Lilju M. Jónsdóttur (1995, bls. 52-53) krefst samþætting þekkingar og leikni við leit að lausnum og veröldin verður í samhengi, en það er tilgangurinn með samþættingunni.

Til þess að átta sig betur á hugtakinu samþætting er gott að skoða andstæðuna. Í ósamþættu námsumhverfi fara nemendur á milli námsgreina og átta sig lítið sem ekkert á þeim tengingum sem geta verið á milli þeirra (Russell-Bowie, 2009, bls. 4). Samþætting felst í að fella niður múra milli námsgreina. Hafa þarf í huga að allar námsgreinar hafi jafn

mikið vægi, það er að engin námsgrein sé mikilvægari en önnur. Kennarar eiga það til að einblína einungis á þá námsgrein sem þeir kenna og hugsa um það eitt að hún fái nægilega athygli í samþættingu námsgreina sem er þvert á tilgang hennar (Berglind Axelsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir, 2011, bls. 11).

Samkvæmt Parkay (2006, bls. 30-31) er með samþættingu verið að reyna að skapa betri skilyrði fyrir nemendur til að ná dýpri skilningi á námsefninu, því hún sé nær þeirra náttúrulegu leið til að læra. Parkay (2006) segir að börn læri ekki í gegnum það að einangra ákveðið efni, sú hugmynd sé komin frá fullorðnum. Hann telur að börn læri betur í gegnum leik, þemavinnu og samþættingu. Samkvæmt Russell-Bowie (2009, bls. 4) þarf þó að huga að því að samþætta ekki aðeins til þess að samþætta, því þá er hætta á að kennslan og lærdómurinn missi öll heilindi (e. lose all integrity). Þar af leiðandi telur hann að samþætting án tilgangs endi á því að vera yfirborðskennd og geri lítið fyrir nemendur. Gott jafnvægi milli samþættingar og hefðbundinnar kennslu er því lykilatriðið (Russell-Bowie, 2009, bls. 4). Þegar kennarar ákveða að samþætta námsgreinar ættu greinarnar að hafa tilgang hver fyrir aðra. Markmiðið ætti að vera að kennslan verði merkingarbærari og ýti undir dýpri skilning á námsefninu.

Samkvæmt könnun (Parkay, 2006, bls. 31) sem gerð var árið 1995 á viðhorfi kennara til samþættingar námsgreina í bandarískum grunnskólum, kom í ljós að 89% kennara fannst áhrifaríkast að kenna námsefnið með samþættingu námsgreina. Þeir kusu það frekar en að fylgja nálgun flestra skóla sem kenna nemendum staðreyndir úr ákveðnum námsgreinum, einskonar utanbókarlærdóm, til undirbúnings fyrir stöðluð próf. Kennararnir töldu það náttúrulegra að notast við samþættingu í kennslu námsefnis.

Parkay (2006, bls. 32) bendir á að það séu margar stofnanir og aðilar sem koma að kennsluskipulaginu í skólastofunni, til dæmis má nefna mennta- og menningamálaráðuneyti, kennslubókahöfunda, lög í landinu og skólastjóra. Það séu þó kennarar sem hafa mikilvægasta hlutverkið (e.vital role) og vald til þess að stjórna því hvernig kennslan sé í raun og veru. Kennarar ráði sjálfir hvaða efni þeir kenna og hvernig þeir geri það, en upp að vissu marki, þar sem Aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá þess skóla sem þeir kenna í gera ákveðnar kröfur (Parkay, 2006, bls. 32).

Við ályktum þar af leiðandi út frá orðum Parkay og annarra fræðimanna sem hér hefur verið greint frá, að kennarar hafi ákveðið frelsi um það hvernig þeir kenna námsefnið. Ef kennarar eiga t.d. að kenna um lífið á tímum seinni heimstyrjaldarinnar geta þeir samþætt samfélagsfræði meðal annars með myndmennt, leiklist og heimilisfræði. Þar sem þeir kenna söguna með leikrænni tjáningu, fá nemendur til að mála ákveðin augnablik og elda matinn frá þeim tíma. Á þennan hátt teljum við að nemendur

læri á heilsteyptari hátt og námið verði merkingabærara og eftirminnilegra. Jafnframt teljum við að samþætting geti stuðlað að auknu samstarfi milli kennara, bætt starfsanda og líðan í starfi fyrir kennara og annað starfsfólk innan skólans.

2.5 Samvinna kennara

Það að vera kennari er mikilvægt starf og því nauðsynlegt að það vaxi í takt við þá þróun sem á sér stað hvað varðar námsefni, námshætti og starfshætti hverju sinni. Algengt var hér áður fyrr að kennarar störfuðu einir eða hver og einn með sinn nemendahóp og sína námsgrein. Tilfinning okkar er þó að breyting hafi orðið á þessum þætti að hluta og erum við í æ meira mæli að sjá að kennarar vinni saman. Til dæmis sést þetta á því að í mörgum skólum funda umsjónakennarar í sama árgangi reglulega og bera saman bækur sínar.

Samkvæmt Thousand, Villa og Nevin (2006) er með hugtakinu samvinna kennara átt við það þegar tveir eða fleiri kennarar koma saman til að kenna hópi nemenda. Kennarar geta unnið saman með eina kennslustund (eða fleiri) eða tengt saman námsgreinar og kennt þær í sitthvoru lagi. Þannig veiti samvinna kennurum tækifæri til að nýta einstaka og fjölbreytta sérþekkingu hvers og eins. Því telja þeir að samvinna sé aðferð fyrir kennara til að vinna með fjölbreytta bakgrunna og fjölbreytt áhugamál. Þar að auki telja þeir að samvinna sé leið fyrir þá til að deila þekkingu og auka færni og þróa saman nýjar aðferðir til að styrkja einstaklingsmiðað nám (Thousand, Villa og Nevin, 2006, bls. 241). Í samvinnu koma oft saman einstaklingar með mismunandi bakgrunn og ólíkar hugmyndir. Þess vegna skiptir máli að hafa gott jafnvægi, að allir taki þátt og leggi jafnt á vogarskálarnar svo að samvinnan verði sem árangursríkust (Wu og Chen, 2014, bls. 39).

Eitt helsta einkenni árangursríkra skóla er faglegt samtarf kennara. Það eflir skólann sem lærdómssamfélag, eykur færni og þekkingu kennara með þeim hætti að þeir læra hver af öðrum. Sú færni og þekking skilar sér til nemenda og ýtir undir stöðuga framþróun skólans (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2008, bls 13). Samvinnan gagnast ekki bara kennurunum sjálfum heldur gerir hún nemendum einnig kleift að upplifa og líkja eftir þeirri samstarfsfærni sem kennararnir sýna. Með auknum fjölda kennara eykst sveigjanleiki kennslunnar og nemendur upplifa minni biðtíma eftir athygli þeirra (Thousand, Villa og Nevin, 2006, bls. 241).

Rúnar Sigþórsson (1999, bls. 53-63) segir að samvinna kennara sé mikilvæg meðal annars til að auðvelda aðlögun nýrra kennara og til að koma í veg fyrir einangrun innan vinnustaðarins. Það skipulag sem algengast hefur verið innan skóla feli í sér mikið sjálfstæði hvers kennara. Þetta geti leitt til þess að lítið sem ekkert samræmi sé í vinnubrögðum milli kennara og orðið til þess að draga úr þeim áhrifum sem námið hafi á

nemendur. Með samvinnu í kennslu eða undirbúningi hennar sé því hægt að yfirvinna þessa veikleika og tryggja þannig betri árangur í kennslu en annars væri (Rúnar Sigþórsson, 1999, bls. 53-63). Við teljum að helsti kostur samvinnu kennara sé meðal annars að allir aðilar kennslunnar geti komið með jákvæða gagnrýni og ábendingar varðandi kennslu hvers annars.

Samkvæmt Önnu Kristínu Sigurðardóttur (2008) skilar samstarf mestum árangri þegar hvatning og stuðningur frá samstarfsfólki og skólastjórnendum er til staðar, einnig geti það aukið ánægju í starfi. Þegar kennarar breyta út af vananum og prófa nýjar aðferðir í kennslu séu þeir að taka mikla áhættu. Þeir gætu misst tökin á bekknum, til dæmis með því að nota kennsluaðferðir sem virka ekki fyrir nemendahópinn eða skila ekki þeim árangri sem aðferðin ætti að skila. Þá skipti stuðningur innan skólans máli svo kennarar guggni ekki og þori frekar að prófa sig áfram með nýjungar (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2008, bls 14).

Einn mikilvægur þáttur í því að veita kennurum stuðning er að skapa þeim aðstæður þar sem þeir hafi möguleika á að ígrunda eigin kennslu, svo kennarar nái sem mestum árangri og þrói fagmennsku sína í starfi. Kennarar þurfa að gagnrýna sjálfa sig, vinnu sína og leita eftir því sem betur má fara sem og að líta aldrei sem svo á að þeir séu fulllærðir í starfi. Í þessu ferli er samvinna góð aðferð til að afla sér upplýsinga um eigin kennslu, þar sem samkennarar hafa tækifæri til þess að meta kennslu hvers annars. Mikilvægt er að kennarar fái tækifæri til þess að ræða það sem fram fór, bæði það jákvæða og það sem þarf að laga (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2002).

Eins flókið og það ferli er að auka gæði náms og kennslu teljum við að mikilvægt sé að nýta endurgjöf frá samkennurum og sjá þannig hvað það er sem kennarar geta lagað. Einnig teljum við að það sé góður grundvöllur fyrir uppbyggjandi umræður um kennarastarfið.

2.5.1 Mismunandi aðferðir í samvinnu kennara

Thousand, Villa og Nevin (2006) skilgreina samvinnu sem vítt hugtak, en það sé hægt að framkvæma hana á fjölbreytilegan hátt. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hvað felst í hugtakinu og nýta sér samvinnu á fleiri en einn veg. Fjórar helstu aðferðir við samvinnu kennara eru: stuðningskennsla (e. supportive teaching), samhliða kennsla (e. parallel teaching), viðbótarkennsla (e. complementary teaching) og teymiskennsla (e. team teaching). Aðalatriðin í þessum fjórum aðferðum eru samkvæmt Thousand ofl. (2006, bls. 243-244):

- Stuðningskennsla: einn kennari tekur forystuna meðan hinn (eða hinir) aðstoða nemendur eftir þörfum.
- Samhliða kennsla: samvinnukennarar vinna með mismunandi hópa á mismunandi stöðum innan kennslustofunnar.
- Viðbótarkennsla: samvinnukennarar gera eitthvað til að ýta undir eða bæta við kennslu hins eða hinna.
- Teymiskennsla: samvinnukennarar vinna í sameiningu að áætlun, kennslu og kennslumati. Þeir bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum í kennslustofunni.

Þegar ákvörðun er tekin um hvaða aðferð eigi að nota í tiltekinni kennslustund, er markmiðið ávallt að bæta námsreynslu og námsárangur nemenda gegnum valda samvinnuaðferð, segja Thousand o.fl. (2006, bls. 243-244). Þeir benda á að margir kennarar byrji á stuðnings- eða samhliða kennslu þar sem þessar aðferðir krefjist minnst skipulags og samhæfingar milli samvinnukennara. Þegar kennarar séu orðnir vanari samvinnukennslu og samband þeirra á milli orðið sterkara geti þeir bætt við viðbótarkennslu og teymiskennslu. Þær aðferðir krefjist meiri tíma, samhæfingar, þekkingar á hinum aðilunum sem og trausts á hæfni hvers annars (Thousand o.fl., 2006, bls. 243-244).

Þegar verið er að velta fyrir sér samvinnu kennara þarf að skoða bæði kosti hennar og ókosti. Það að hafa góðan samkennara sér við hlið gefur ákveðið öryggi, styrk og hvatningu, auk þess sem kennarar læra hver af öðrum. Þessir þættir styrkja kennara og gera þá betur búna til kennslu. Berglind Axelsdóttir o.fl. (2011, bls. 11-12) telja einn helsta ókost þess að samkenna vera það að sumar hugmyndir verða fyrir valinu á meðan aðrar verða undir og geta jafnvel gleymst. Einnig telja þær að erfitt geti verið að þurfa að taka tillit til annara þar sem við höfum ólík viðhorf og markmið til kennslu. En til að samvinna gangi eftir verði að taka sjónarmið allra til athugunar. Ef svo sé ekki gert sé hætta á að flosni upp úr samvinnu.

Við teljum kostina vega þyngra en ókostina þar sem gott samstarf milli kennara veiti öryggi og meiri gleði í starfi, sem skilar sér út í kennsluna og geti leitt af sér betri árangur nemenda. Þótt svo að einstaklingur sé sterkur einn og sér getur hann eflt sig og farið dýpra með eigin hugmyndir. Með samstarfi fær einstaklingurinn nýtt sjónarhorn frá samstarfsaðilum og jafnvel nýjar hugmyndir byggðar ofan á sínar eigin. Þannig geta einstaklingar þróað hugmyndir í sameiningu og skilað af sér betri afurð heldur en þeir myndu gera einir.

2.6 Leið til kveikju

Spilið *Leið til kveikju* er lokaafurð hópsins, en því er ætlað að stuðla að samvinnu kennara og samþættingu námsgreina. Í fyrstu munum við fjalla um hugmyndina á bak við spilið og síðan munum við greina frá tilgangi spilsins. Næst á eftir kemur kafli þar sem útskýrt er hvernig hægt er að nota spilið (leiðbeiningar). Því næst segjum við frá spilastokkunum og að lokum segjum við frá ferlinu á bakvið gerð spilsins.

2.6.1 Hugmyndin

Hugmyndin að spilinu *Leið til kveikju* kviknaði á fundi heildarhóps *Skapandi hópverkefnis* þar sem verið var að ræða mikilvægi þess að kennarar vinni saman og þess að fá stuðning og hvatningu frá umhverfinu til samvinnu. Hópurinn taldi að það þyrfti að opna hug kennara og breikka sýn þeirra á þær greinar sem hægt er að tengja saman. Mikilvægt væri að kennarar þyrðu að tengja saman allar þær greinar sem kenndar væru og fyndu efni sem hægt væri að vinna með.

2.6.2 Tilgangur spilsins

Leið til kveikju er spil sem ætlað er faglærðum kennurum sem og öðru faglærðu starfsfólki skóla, til aðstoðar við að fá hugmyndir að samvinnu kennara og samþættingu námsgreina. Með spilinu viljum við hvetja til samvinnu á milli kennara, sem felst í því að samþætta námsgreinar í þeim tilgangi að námið verði merkingarbærara fyrir nemendur. Kennarar og kennaranemar geta notað spilið til að fá hugmyndir að óhefðbundnum nálgunum í kennslunni. *Leið til kveikju* er ekki hugsað sem lausn á verkefnaskorti, heldur kveikja fyrir þá kennara sem velja að nota spilið til verkefnagerðar.

Oft er talað um að kennarar og kennaranemar detti í ákveðið far, að þeir kenni eins og þeim var kennt og ef til vill er eitthvað til í því. Þetta spil er hannað til þess að koma í veg fyrir stöðnun, veita kennurum hvatningu til þess að þora að breyta út af vananum, vekja hjá þeim áhuga og löngun til þess að prófa sig áfram með nýjar aðferðir. Einnig á spilið að víkka þá sýn sem kennarar hafa á samþættingu námsgreina, vekja hjá þeim hugmyndir um samþættingu greina sem yfirleitt eru ekki settar saman og vinna í samvinnu við aðra kennara með þemu eða efni þvert á námsgreinar.

Þar sem *Skapandi hópverkefni* er þríþætt er einnig hægt að sjá útfærðar hugmyndir að samþættingu námsgreina og samvinnu kennara hjá hinum undirhópunum. Afurðir hinna undirhópanna eru: *Vefsíða með kennsluhugmyndum: með áherslu á samþættingu námsgreina og samvinnu kennara og* skáldsagan *Ævintýri Gunnu.*

2.6.3 Leiðbeiningar um notkun

Hægt er að vinna með spilið á marga mismunandi vegu, eftir því hvað hentar hverju sinni. Möguleikar spilsins eru því margvíslegir.

Í spilinu eru fjórir stokkar. Þeir eru: *Hugtök*, *Kennsluaðferðir, Námsgreinar* og *Lykilhæfni*. Notkunarmöguleikar spilsins eru opnir og getur sá sem dregur ákveðið að draga eitt, tvö, þrjú eða fjögur spil allt eftir því hverju hann hefur áhuga á hverju sinni. Í spilinu eru engar reglur um fjölda spila sem dregin eru, eða tímamörk á framkvæmd þess sem spilin stinga upp á. Kennarar ráða því alfarið sjálfir hversu lengi þeir vinna með hvert viðfangsefni. Hægt er að vinna út frá spilunum í lengri eða styttri tíma, allt frá hluta úr kennslustund upp í viku eða jafnvel lengur. Hér á eftir koma nokkur dæmi um notkun, en listinn er þó ekki tæmandi.

Ein útfærsla er að tveir kennarar sem hafa ákveðið að vinna saman (t.d. dönsku- og samfélagsfræðikennari) draga eingöngu spil úr hugtaka stokknum til að fá hugmynd að nýju viðfangsefni til að vinna með í báðum greinum.

Önnur útfærsla væri síðan að kennari ákveður að hann langi í samstarf með öðrum kennara en hefur engan ákveðinn í huga. Hann dregur því t.d. námsgreina- og hugtakaspil og ræðir síðan við kennara þeirrar námsgreinar sem hann dró. Þá getur hann athugað hvort sá kennari hafi áhuga á að vinna með sér að því hugtaki sem dregið var.

Einnig getur kennari ákveðið að vinna einn að ákveðnu verkefni og getur hann þá valið að draga spil úr lykilhæfni- og hugtaka stokknum til að fá hugmynd að nýju viðfangsefni. Í framhaldinu gæti hann bætt við spili úr kennsluaðferða stokknum, þ.e. ef hann vantaði hugmyndir að kennsluaðferð til þess að nota við kennslu viðfangsefnisins.

Enn önnur útfærsla við notkun spilsins er að nota hugtaka stokkinn til að skapa umræðu innan bekkjarins, t.d. ef verkefni tímans er lokið og smá tími er þar til tíminn klárast. Þá er spil dregið og kennari hvetur nemendur til að hefja málefnalega umræðu út frá hugtakinu, til dæmis með því að spyrja þá spurninga út frá því.

Alltaf má draga ný spil ef það sem dregið var hentar ekki, til dæmis ef búið er að kenna hugtakið. Einnig er hægt að vera búinn að ákveða efni sem mann langar að vinna með, en draga síðan kennsluaðferða-, námsgreina-, eða lykilhæfnispil og vinna síðan út frá því.

2.6.4 Stokkarnir

Spilastokkarnir eru fjórir; *Hugtök, Kennsluaðferðir, Námsgreinar* og *Lykilhæfni*. Í næstu fjórum undirköflum munum við útskýra hvern stokk og koma með dæmi að spilum úr hverjum stokki.

2.6.4.1 Hugtök

Þessi stokkur inniheldur ýmis orð sem hægt er að túlka á mismunandi máta. Þessi stokkur er undirstaða spilsins *Leið til kveikju* og er gerður til þess að vekja upp hugmyndir að kennsluverkefnum hvort sem er í samvinnu, samþættingu eða jafnvel hvoru tveggja. Meðal hugtaka eru: litirnir, ýmis lönd, sögu- og menningartengd hugtök og hugtök tengd skólastarfi svo sem reglur, bekkjarandi og skólabragur.

2.6.4.2 Kennsluaðferðir

Þessi stokkur inniheldur helstu kennsluaðferðir sem hægt er að nýta í samvinnu og samþættingu. Kennari eða annar fagaðili innan skóla getur nýtt þennan stokk til að fá hugmyndir að því hvaða kennsluaðferð hann vill nota við kennslu sína. Meðal kennsluaðferða eru: fyrirlestrar, vettvangsferðir, verkleg kennsla, bókleg kennsla, námsleikir og leitaraðferðir.

2.6.4.3 Námsgreinar

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013, bls 51) segir að námsgreinar séu mikilvægur hluti skólastarfs en ekki markmið í sjálfu sér. Það er ekki hlutverk skóla að kenna námsgreinar heldur að mennta nemendur og koma hverjum og einum til nokkurs þroska.

Kennarar geta dregið spil í þessum stokki og unnið svo með þeim sem kennir þær greinar sem dregnar eru. Á námsgreinaspilunum eru tvær eða þrjár námsgreinar settar saman, sem markmiðið er að samþætta. Meðal námsgreina sem eru saman eru: tónlist og lífsleikni; danska og heimilisfræði; trúarbragðafræði, stærðfræði og textílmennt og náttúrufræði, enska og myndmennt.

2.6.4.4 Lykilhæfni

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og nemendum er ætlað að vinna að því að ná lykilhæfni. Nemendur þurfa í gegnum nám sitt meðal annars að öðlast hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýninni hugsun, sjálfstæði og samvinnu. Einnig þurfa þeir að læra að nýta miðla, sem og að bera ábyrgð á og meta eigið nám (Aðalnámskrá, 2013, bls. 86). Lykilhæfnistokknum er ætlað að stuðla að því að kennarar og aðrir fagaðilar hafi í huga þá hæfni sem nemendur þurfa að öðlast í gegnum nám sitt. Meðal lykilhæfni eru: tjáning, rökræður, nýting miðla, jákvæðni og samskiptahæfni.

2.6.5 Ferlið

Þetta árið tóku fimmtán kennaranemar þátt í *Skapandi hópverkefni.* Eftir umræður á fundum heildarhópsins var ákveðið með rafrænni kosningu að vinna með yfirheitið

S*amþætting námsgreina og samvinna kennara*. Í framhaldinu var farið í hugmyndavinnu um hvað hægt væri að gera út frá þessum tveimur yfirhugtökum. Niðurstöður hugmyndanna voru eftirfarandi: kveikjuspil, útfærðar hugmyndir (hugmyndir til kennslu), og hreyfileikir. Hver og einn nemandi valdi sig í undirhóp eftir því hvar áhugasvið þeirra lá. Nemendurnir skiptu sér niður í þrjá hópa og byrjuðu að vinna að verkefnunum.

Hugmyndir hópanna þróuðust töluvert á tímabilinu og úr því urðu hóparnir þrír: spilið *Leið til kveikju, Vefsíða með kennsluhugmyndum: með áherslu á samþættingu námsgreina og samvinnu kennara og* skáldsagan *Ævintýri Gunnu*.

2.6.6 Hópurinn okkar

Í undirhópnum *Leið til kveikju* voru fimm nemendur. Hópurinn ákvað strax að vinna skipulega að þessu verkefni, því var ákveðið að setja niður tíma í stundaskrána og hittast tvisvar sinnum í viku alla önnina. Miðvikudagar og fimmtudagar urðu fyrir valinu. Fyrstu dagana sem við hittumst var farið í að skoða fræðilegar heimildir tengdar yfirheitinu *Samþætting námsgreina og samvinna kennara.* Eftir það fór hugmyndaferli í gang í átt að *Leið til kveikju.*

Fljótlega kom í ljós að hópurinn myndi eiga góða tíma framundan því samvinnan var góð frá upphafi. Allir voru ólmir í að vinna að settu markmiði. Hugmynda- og útlitsvinnan gekk hvað best og var hópurinn fljótur að ná samkomulagi um útlit og annað sem viðkom afurðinni sjálfri. Þegar kom að því að setja fræðin saman sem tengdust verkefninu, í greinargerð hægðist aðeins á okkur og það kom upp smá kvíði í hópnum. Vinna og skrif við greinargerðina var tímafrek og skapandi hluti verkefnisins fékk að sitja á hakanum í svolítinn tíma.

2.6.7 Hugmyndavinnan

Þegar kom að hugmyndavinnunni á bak við *Leið til kveikju* var margt sem hafa þurfti í huga. Fyrir það fyrsta var að ákveða hvaða stokka spilið ætti að innihalda.

Við sem hópur vorum strax sammála um að spilið ætti að innihalda stokkinn *Hugtök* þar sem það er grunnur upphaflegu hugmyndarinnar. *Hugtökin* veita marga möguleika á samþættingu námsgreina. Til að mynda hugtakið *Salsa,* merking þessa orðs er margþætt og margar hugmyndir sem koma upp með þessu eina orði, t.d. danskennsla, tónlistar- og matargerð.

Eftir hugtökin fannst okkur rökréttast að hafa næsta stokkinn *Námsgreinar*. Í stokknum *Námsgreinar* ákváðum við að samþætta allar námsgreinar sem kenndar eru í grunnskólum tvær eða þrjár námsgreinar saman á hverju spili. Samþætting námsgreina

getur veitt möguleika á fjölbreyttri kennslu sem við teljum að veiti meiri dýpt í viðfangsefnið.

Þriðji stokkurinn varð svo *Kennsluaðferðir*, þar sem við vildum að kennarar og aðrir sem nýtt gætu spilið fengju hvatningu til að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir. Þær kennsluaðferðir sem urðu fyrir valinu henta öllum stigum í grunnskóla. Þó eru þar nokkrar kennsluaðferðir sem kennari gæti þurft að útfæra að erfiðleikastigi bekkjarins, t.d. einfalda flóknari aðferðir svo þær henti yngsta stigi eða þyngja einfaldari aðferðir svo þær henti á eldri stigum. Ef sú aðferð sem dregin var hentar ekki þeim aldurshópi sem kenna á, getur kennari einnig dregið nýtt spil.

Síðast en ekki síst fannst okkur mikilvægt að vinna með lykilhæfni og varð það því fjórði stokkurinn. *Lykilhæfni* er sá stokkur sem er hvað mikilvægastur, þar sem hún fléttast inn í svo margt hvort sem um ræðir verklag í kennslu eða nemendurna sjálfa (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 51). Megintilgangur lykilhæfni er að stuðla að alhliða þroska nemenda sem gagnast þeim jafnt í námi sem og í lífinu sjálfu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 86).

2.6.8 Samstarfið

Mikilvægt er þegar unnið er saman í hópi að allir hafi rödd. Það varð svo þegar kom að verkefninu *Leið til kveikju.* Við vorum allar sammála um að vilja skila af okkur afurð sem væri áþreifanleg, eitthvað sem hentaði inn á kennarastofur landsins. Við byrjuðum á því að velta fyrir okkur nafni spilsins og var það nafnið *Kveikjuspil* sem var eins konar vinnuheiti verkefnisins. Nafnið *Kveikjuspil* fannst okkur þó ekki nógu lýsandi fyrir verkefnið, þar sem þetta er í raun ekki spil þó við tölum um það sem slíkt. Ýmsar aðrar hugmyndir komu upp en á endanum urðum við sammála um að *Leið til kveikju* væri rétta nafnið. Nafnið *Leið til kveikju* er mjög lýsandi fyrir sýn okkar á verkefnið, en þetta er einmitt það, leið fyrir kennara til að finna kveikju að kennsluverkefnum.

2.6.9 Útlitshönnun

Við hittumst einn miðvikudagsmorgun og ákváðum að nýta þann daginn í hönnun á útliti spilsins. Með blýanta og krassblöð við hönd var hafist handa. Til að byrja með var hver og ein okkar í sínu horni að útfæra hugmyndir sínar að útlitinu, síðan skoðuðum við hvað hver hefði gert og settum saman í eina hugmynd, þannig varð kennimark (e. logo) verkefnisins til. Á þessum miðvikudagsmorgni ræddum við einnig hvernig við vildum tengja útlit spilsins við grunnskóla. Eftir nokkrar umræður og hugmyndir var ákveðið að vinna með litina gulan, rauðan, grænan og bláan þannig að hver stokkur hefði sinn lit. Við

vorum allar sammála um að þessir fjórir litir væru einhvers konar tákn um nám, þótt þeir væru hvergi skráðir sem slíkir.

Með þessar hugmyndir fórum við af stað til að funda með grafískum miðlara sem var fenginn til þess að yfirfæra okkar hugmyndir að heildarútliti afurðarinnar á tölvutækt form, svo hægt væri að senda afurðina í prent. Hópurinn hafði samband við nokkrar prentsmiðjur til þess að fá hugmyndir að því hvernig hægt væri að framkvæma hugmyndina og til að fá tilboð í verkið. Niðurstaðan varð sú að samstarf var hafið við Háskólaprent, sem tók að sér alla prentun tengda afurðinni. Við fengum öll mál send frá prentsmiðjunni sem við fórum svo með til grafíska miðlarans. Gott samstarf var á milli allra aðila. Allar okkar hugmyndir fengu að standa og vorum við með í ráðum í hverju skrefi ferlisins.

2.7 Sýning

Tekin var ákvörðun á fundi heildarhóps að halda sýningu þann 4. maí 2016 á lokaverkefnum kennaranema í *Skapandi hópverkefni 2016.* Skipaðar voru fjórar nefndir fyrir sýninguna til að skipuleggja og halda betur utan um undirbúning hennar og völdu nemar sig í nefnd eftir því hvar áhugi þeirra lá. Hver hópur átti fulltrúa í hverri nefnd. Nefndirnar voru: móttökunefnd, kynninga- og auglýsinganefnd, bakkelsisnefnd og sýningarsvæðisnefnd.

Hlutverk móttökunefndar var að ákveða hvernig taka ætti á móti fólki og hvort leiða ætti fólk sérstaklega í gegnum sýninguna eða hvernig því væri háttað. Í móttökunefnd fyrir hönd *Leið til kveikju* hópsins var Eva María.

Hlutverk kynninga- og auglýsinganefndar var að ákveða hvar ætti að auglýsa sýninguna og hvernig. Nefndin útbjó viðburð á Facebook ásamt því að hafa samband við þá sem sjá um auglýsingar á Uglunni og boða hópinn í myndatöku fyrir Uglu. Í kynninga- og auglýsinganefnd fyrir hönd *Leið til kveikju* hópsins voru Ólöf og Agnes.

Hlutverk bakkelsisnefndar var að ákveða hvaða veitingar ætti að bjóða upp á á sýningunni og deila út hlutverkum tengdum veitingunum á heildarhópinn. Í bakkelsisnefnd fyrir hönd *Leið til kveikju* hópsins var Ásdís.

Hlutverk sýningarsvæðisnefndar var að ákveða hvernig sýningarsvæðið ætti að líta út og hafa yfirumsjón með skreytingum á svæðinu. Í sýningarsvæðisnefnd fyrir hönd *Leið til kveikju* hópsins var Arianna.

Sýningin var haldin í Skála í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð. Hver hópur var með hreyfanlegt skilrúm og borð þar sem ýmsar upplýsingar og myndir tengdar verkefnum hvers hóps voru settar upp. Móttökunefndin ákvað þemalit

fyrir sýninguna og varð appelsínugulur fyrir valinu. Liturinn fékk að njóta sín í skreytingum á sal, veitingum og klæðnaði kennaranema. Þess má geta að einnig var sett á laggirnar tónlistanefnd, sem sá um að semja texta og taka upp myndband sem var lýsandi fyrir samvinnu kennaranema og það verkefni sem þeir höfðu unnið að undanfarna mánuði. Myndbandið var notað til að auglýsa sýninguna og þar að auki var það spilað á meðan á sýningu stóð.

Leið til kveikju hópurinn hafði afurð sína til sýnis, skissur af hugmyndavinnu og heimasíðu með frekari upplýsingum um afurðina. Gestir gátu fengið að skoða spilið að vild og aðilar hópsins sáu einnig um að kynna spilið fyrir þeim. Gestir sýningarinnar voru mjög áhugasamir um spilið og fengum við mikil hrós og hvatningu frá þeim til að fara lengra með afurðina. Sýningin gekk almennt vel og mætti fjöldi fólks til að skoða afrakstur *Skapandi hópverkefnis 2016*.

2.8 Lokaorð

Verkefnið *Leið til kveikju* var gert með það í huga að búa til afurð sem hvetti kennara og kennaranema til samvinnu og samþættingar námsgreina. Með afurðinni vonumst við til þess að kennarar eigi auðveldara með að fá hugmyndir að verkefnum sem henta vel til samvinnu og samþættingar og noti við framkvæmd þeirra fjölbreyttar kennsluaðferðir. Þegar kemur að undirbúningi verkefna fyrir kennara þá er það oft hugurinn sem hindrar frekar en viljinn. *Leið til kveikju* er hugsað sem kveikja fyrir kennara og kennaranema, til að ýta undir þeirra eigið hugarflug og ímyndunarafl.

Það að kennarar vinni saman leiðir af sér að þeir læra hver af öðrum, þeir deila álagi og ábyrgð og minni líkur eru á að þeir einangrist innan vinnustaðarins. Samvinna leiðir einnig til aukins öryggis og gleði í starfi. Við teljum að starfsgleði kennara skili sér í bættum námsárangri nemenda og einnig að samstarf milli kennara gagnist nemendum að því leyti að kennslan verði fjölbreyttari og að nemendur fái sýn á námsefnið frá fleiri en einu sjónarhorni.

Þótt svo að engin reynsla sé komin á *Leið til kveikju* teljum við að hægt verði að nýta spilið til þess að hvetja kennara til að nýta samþættingu, þar sem spilið vekur athygli á ýmsum möguleikum til þess. Einnig býður *Leið til kveikju* upp á að kennarar vinni saman, hvort heldur sem er á bak við tjöldin við undirbúning kennslu eða í kennslunni sjálfri.

3 Vefsíða með kennsluhugmyndum

Bryndís María Olsen, Jóhanna Ómarsdóttir, Karen Óskarsdóttir, María Rós Valgeirsdóttir og Steinunn Elísabet Benediktsdóttir.

3.1 Inngangur

Höfundar þessa verkefnis eru fimm kennaranemar á þriðja ári í grunnskólakennarafræði á Menntavísindasviði við Háskóla Íslands. Verkefni þetta er lokaverkefni okkar til B.Ed. gráðu og völdum við að fara þá leið að vinna verkefni sem kalla mætti *Skapandi hópverkefni*. Höfundar eru af sex mismunandi kjörsviðum innan Menntavísindasviðs: myndmenntar, tónlistar, leiklistar og dans, ensku, íslensku, náttúrufræði og matar, menningar og heilsu og hafa að auki tekið valáfanga úr öðrum kjörsviðum. Þeir telja það mikinn styrkleika að vera frá svo mismunandi sviðum og hefur það gagnast vel í þessu verkefni. Afurðina má finna á heimasíðu.

Samvinna kennara og samþætting námsgreina hefur verið í brennidepli síðustu ár og áhersla á slík vinnubrögð hefur aukist í nýrri *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningamálaráðuneytið, 2011). Í greinargerðinni munum við færa rök fyrir því af hverju þetta viðfangsefni er þarft fyrir kennara í dag. Þema heildarhópsins sem unnið hefur að Skapandi hópverkefni 2016 var að vinna með samvinnu kennara og samþættingu námsgreina. Okkar nálgun í verkefninu var að búa til kennsluhugmyndabanka á vefsíðu þar sem áhersla væri lögð á að sýna dæmi um verkefni sem byggja á samþættingu námsgreina og samvinnu kennara. Þannig viljum við styðja kennara í að koma á samþættingu því lítið er til af útgefnu námsefni sem byggir á slíkri nálgun. Það er tímafrekt að búa til verkefni og því erfitt fyrir kennara að finna tíma í dagsins önn til slíkrar vinnu (Hlynur Jónsson, 2015, bls. 14).

Við skiptum greinargerðinni upp í nokkra meginþætti og ber fyrst að nefna samvinnu kennara, þar sem við greinum viðhorf, samstarf og þá þætti sem kalla á aukna samvinnu. Í framhaldi af því fjöllum við um samþættingu námsgreina og að lokum um samvinnu nemenda sem við skoðum bæði út frá kenningum, könnunum og rannsóknum. Verkefnið var unnið út frá tveim rannsóknarspurningum:

1. Hver er ávinningur kennara af samþættingu og samvinnu?
2. Hver er ávinningur nemenda af samþættingu og samvinnu?

Í síðari hluta greinagerðarinnar fjöllum við um kennsluhugmyndabankann okkar sem er í formi vefsíðu og síðast er stutt umfjöllun um þátttöku okkar í sýningu heildarhópsins á afurð okkar.

3.2 Samvinna kennara

Kennsluhættir þar sem samvinna kennara er höfð að leiðarljósi geta haft jákvæð áhrif á bæði nemendur og kennara (Russell-Bowie, 2009, bls. 5, og 8). Með samvinnu geta nýir kennarar fengið stuðning og leiðsögn. Það getur aukið öryggi í starfi. Stór hluti af samvinnu kennara felst í því að koma með hugmyndir að verkefnum. Í viðhorfskönnun (Hlynur Jónsson, 2015, bls. 14), þar sem úrtak þátttakenda voru reyndir kennarar með rúmlega tveggja áratuga starfsreynslu, kemur fram að flestir þeirra líta þannig á að aukin áhersla á samvinnu kennara sé ákall um breytta kennsluhætti. Fram kemur að kennarar hafa mikla þörf fyrir stuðning og samvinnu til þess að geta breytt gamalgrónum kennsluháttum sem einkennast að því að kennarinn sé yfirvaldið og nemendur séu óvirkir, nánast mataðir af upplýsingum**.** Samkvæmt könnuninni hafa kennarar fundið fyrir töluverðum tímaskorti sem orsakast getur af ýmsum þáttum svo sem aukinni áherslu á skóla án aðgreiningar, skorti á fjármagni, breyttum kjarasamningum kennara og fleiru. Þess vegna er mikilvægt að geta samnýtt námsefni og að stuðningur og samvinna kennara sé til staðar, eins og kemur fram í rannsókn Hlyns Jónssonar (2015, bls. 14). Þessi viðhorf grunnskólakennara eru svipuð þeim sem fram komu í annari rannsókn meðal reyndra framhaldskólakennara sem bentu á að tímaskortur og breytt vinnuálag hamli samvinnu þeirra (Árný Helga Reynisdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013, bls. 7, og 9). Tímaskorturinn getur því mögulega haft neikvæð áhrif á undirbúning, samþættingu námsgreina og samvinnu kennara. Amalía Björnsdóttir, Börkur Hansen og Ólafur H. Jóhannsson taka í sama streng. Í rannsóknum þeirra kemur fram að kennarar telja að kröfur til þeirra hafi aukist verulega á milli ára (Amalía Björnsdóttir, Börkur Hansen og Ólafur H, 2006, bls. 16-19). Okkar mat er að óþarfi sé að finna upp hjólið síendurtekið. Nú þegar er töluvert til af námsefni, til dæmis frá kennaranemum sem útbúa kennsluáætlanir í tengslum við vettvangsnám. Kennsluáætlanir kennaranema þurfa að uppfylla ákveðna staðla samkvæmt fyrirmælum kennara háskólans. Þessa staðla, eins og lykilhæfni, hæfniviðmið og einstaklingsmiðun, má finna í nýrri *Aðalnámskrá grunnskóla* og grunnskólalögum. Kennsluáætlanir kennaranema teljast því nægilega góðar til að nota á vettvangi og hluti þeirra eru verkefni þar sem gert er ráð fyrir samvinnu kennara og samþættingu námsgreina. Skortur er á aðgengi að kennsluáætlunum þar sem efnið er óútgefið.

Samvinna kennara getur leitt til betri kennsluhátta, dreifðrar ábyrgðar og vellíðunar í starfi þegar faglega er að því staðið. Fagmennska kennara byggir á því að hafa skýr markmið og lykil- og hæfniviðmið að leiðarljósi (Kennarasamband Íslands, e.d.). Skólastarf sem einkennist af samvinnu og teymiskennslu getur haft góð áhrif á starfsanda og opinskáa umræðu (Börkur Hansen og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2014, bls. 109). Þetta kallast á við þá niðurstöðu að kennarar séu almennt jákvæðir gagnvart teymisvinnu og telji hana auka fjölbreytni og hugarflæði í kennslu (Svanhildur María Ólafsdóttir, 2009, bls. 104). Þetta samræmist líka nýlegri viðhorfskönnun þar sem kannað var viðhorf kennara og skólastjórnenda til samnýtingar námsefnis og samvinnu kennara. Í niðurstöðum hennar kemur fram að 98% þátttakenda telja að samvinna kennara sé mjög eða frekar mikilvæg (Hlynur Jónsson, 2015, bls. 3). Við túlkum það sem vilja þeirra til að hafa aðgang að námsefni þar sem gengið er út frá samvinnu kennara og samþættingu námsgreina. Hugmyndabanki með kennsluhugmyndum er okkar framlag til þess að koma til móts við þann vilja.

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (2011) kemur fram að skólarnir eru ábyrgir fyrir útfærslum á samvinnu kennara:

> Námsgreinar og námssvið grunnskólans eru hjálpartæki til að nemendur nái hæfniviðmiðum sem sett eru í aðalnámskrá. Það er ákvörðun hvers skóla hvort einstakar námsgreinar eða námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt en gæta skal þess að námið verði sem heildstæðast. Upplýsingar sem lúta að þessu eru birtar í skólanámskrá.
> Vönduð kennsla, sem lagar sig að þörfum og stöðu einstakra nemenda í skóla án aðgreiningar, eykur líkur á árangri. Mikilvægt er að kennarar vinni saman að menntun nemenda eftir því sem framast er kostur og að kennsla og uppeldi verði ekki aðgreind allt frá upphafi til loka grunnskóla
> (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 40 og 44).

Þessar áherslur sýna stefnu stjórnvalda en túlkunin og framkvæmdin er í höndum hvers skóla fyrir sig.

Kröfur eru gerðar til kennara um vönduð vinnubrögð og samskipti sem einkennast af virðingu fyrir bæði nemendum og samkennurum (Kennarasamband Íslands, e.d.). Samkvæmt Pantiz (1999, bls. 5) er auðveldara, ef upp koma vandamál varðandi hegðun nemenda eða kennara, að framkvæma viðbragðsáætlun sem hefur sem minnst truflandi áhrif á aðra nemendur þegar kennarar vinna saman að henni (Pantiz, 1999, bls. 5). Sem dæmi má nefna, ef beita þarf viðbragðsaga í því formi að fjarlægja nemanda sem öðrum

nemendum stendur ógn af, getur samvinna kennara auðveldað framkvæmdina ef annar kennarinn beitir viðbragðsaganum og hinn kennarinn sinnir öðrum nemendum á meðan. Samkvæmt siðareglum kennara (Kennarasamband Íslands, e.d.) er talið, út frá siðferðis- og faglegu sjónarhorni, að samvinna kennara sé óumdeilanlegur kostur, þegar um er að ræða öryggi bæði barna og kennara.

3.3 Samþætting námsgreina

Samþætting námsgreina felur í sér að tvær eða fleiri námsgreinar eru fléttaðar saman. Það þýðir þó ekki endilega að hvorri námsgrein fyrir sig sé skipt nákvæmlega jafnt, heldur er markmiðið að skapa stærri heildarmynd sem geti á þann hátt tengst raunverulegum viðfangsefnum sem nemendur geta tengt við. Sem dæmi má nefna þegar nemendur setja upp verslun eða markaði þar sem fléttaðar eru saman list- og verkgreinar, íslenska, stærðfræði og fleiri greinar. Í Barnaskólanum á Eyrabakka og Stokkseyri og í Grunnskólanum á Hellu hefur sambærilegt verkefni verið þróað og raunprófað. Nemendur og kennarar fá það verkefni að skapa heilt samfélag, allt frá því að að nemendur sæki um vinnu, búi til störf, framleiði afurðir og selji þær. Mörkin á milli námsgreinana renna því saman og úr verður víxlverkun sem bætir og dýpkar skilning á viðfangsefnum ólíkra námsgreina (Berglind Axelsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir, 2011, bls. 11). Ekki eru þó öll samþætt verkefni svo umfangsmikil og dæmi um það eru verkefni sem taka fáar eða eina kennslustund.

Það sem einkennir góð samþætt verkefni samkvæmt hugmyndum Lilju M. Jónsdóttur (1996) og fram koma í bók hennar *Skapandi skólastarf* er að markmið verkefnisins eru skýr og ljóst er hverju á að ná fram hjá nemendum. Góð samþætt verkefni ættu að reyna á þrennskonar færni nemenda: þekkingu, leikni og félagslega færni. Þess vegna sé mikilvægt að hafa sérstök markmið fyrir hvern færniþátt fyrir sig. Reyni verkefnið á þessa þrjá þætti mætti segja að verkefnið sé framúrskarandi (Lilja M. Jónsdóttir, 1996).

Sama kemur fram í grein Hreins Þorkelssonar (2005), þ. e. að það sé í þágu nemenda að samþætta námsgreinar, því varhugavert sé að kennaramiða námsumhverfið á kostnað nemenda. Þá er átt við að kennslunni sé einungis beint í þá átt að kennarar geti sem auðveldast metið hana en ýtir ekki undir námshvata nemenda. Eitt af megin-markmiðum með vinnu kennara er að hún örvi innri hvata nemenda til náms (Hreinn Þorkelsson, 2005).

Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* (2011) er eitt af hlutverkum grunnskólans að koma nemendum til þroska. Inntak námsgreinanna er gott tæki til þess að kynna nemendum ólík svið heimsins en það er í sjálfu sér ekki markmiðið að kenna

námsgreinarnar heldur á aðferðafræðin og verklagið að stuðla að fjölbreyttu námi og almennri menntun. Með því að skipta náminu niður í námsgreinar er því fjarri lagi að verið sé að líkja eftir raunveruleikanum. Í daglegu lífi er verkefnum ekki skipt niður heldur eru þau samofin mörgum þáttum. Samþætting námsgreina í skólastarfi ætti því að undirbúa nemendur mun betur fyrir lífið, gera námið merkingarbærara og efla skilning nemenda á samhengi og nauðsyn þessara greina (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 51).

Russell-Bowie (2009) bendir á kennsluaðferðir þar sem ein námsgrein þjónustar aðra eða er svokölluð þjónustutenging (e. service connections); nefna má sem dæmi, þegar söngur er kenndur til þess að læra stafrófið en slíkt hefur litla sem enga þýðingu fyrir söngnám og þess vegna er tæplega hægt að skilgreina þessa leið sem gæðasamþættingu. Hins vegar er vönduð samþætting (e. Syntegration) þar sem nemendum fá möguleika til að skapa sér reynslu í raunverulegum aðstæðum betri kostur vegna þess að hún getur virkað hvetjandi og félagslega styrkjandi fyrir ólíka einstaklinga. Nemendur með mismunandi styrkleika geta á þann hátt náð að blómstra og átt möguleika á því að öðlast bæði virðingu samnemenda sinna og sterkari félagsleg tengsl en það hefur styrkjandi áhrif á sjálfsmynd nemenda og innri hvata þeirra til náms. Mikilvægt er þó að hafa í huga að hugmyndir að samþættingu og þemaverkefnum þurfa að koma frá mörgum sviðum mismunandi greina í þeim tilgangi að dýpka heildrænan skilning nemenda (Russell-Bowie, 2009, bls. 5 og 8).

Í núgildandi *Aðalnámskrá grunnskóla*, almenna hlutanum, sem kom út árið 2011 eru settir fram sex grunnþættir. Þeir eru: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Kennurum er ætlað að hafa þessa þætti að leiðarljósi og ætlast er til að þeir fléttist inn í allt skólastarf. Markmiðið er að nemendur kynnist hugmyndum og viðhorfum sem samræmast grunnþáttunum svo að þeir verði læsir á samfélag, menningu, náttúru og nánasta umhverfi. Einnig beinir þetta sjónum að því að efla getu og vilja nemenda til þess að taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011 bls. 16). Til þess að vel takist til í þessum efnum er nauðsynlegt að nemendur öðlist fjölbreytta hæfni og fáist við mismunandi viðfangsefni. Þau viðfangsefni ættu að tengjast því daglega lífi og umhverfi sem nemandinn býr við. Nemandinn ætti því að geta samþætt þekkingu sína og leikni og fléttað hana saman við áhugamál sín, samskipti við annað fólk og annað sem daglegt líf felur í sér (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 51)

3.4 Samvinna nemenda

Það er reynsla okkar að margir nemendur leita eftir aukinni samvinnu innan veggja skólans. Nemendur biðja til dæmis oft um að fá að sitja saman og eða vinna saman verkefni. Samvinna og samskipti milli nemenda eru langoftast lærdómsrík þar sem þeir bera sig saman hver við annan og oft reynir á samskiptahæfni þeirra. Góð samskiptahæfni er mikilvæg fyrir alla því ekki verður komist hjá því að eiga samskipti við aðra.

Hægt er að fara margar leiðir til að þjálfa samvinnu nemenda. Fyrsta skrefið gæti verið að nemendur ynnu saman í pörum og svo smám saman eru hóparnir stækkaðir. Ingvar Sigurgeirsson (2013) fjallar um hópvinnubrögð í bók sinni *Litróf kennsluaðferðanna*. Þar greinir hann frá því að hópvinnubrögð séu ein tegund kennsluaðferða og samheiti yfir margar kennsluaðferðir þar sem nemendur vinna saman í hóp. Dæmi um hópvinnubrögð eru aðferðirnar einn-fleiri-allir (e. think–pair–share.), 3 og 3 og 3 aðferðin og púslaðferðin. Kostir hópavinnu eru margir. Þegar unnið er í hóp læra nemendur að skipta með sér verkum, þeir æfast í samvinnu þar sem þeir þjálfast í að bera virðingu fyrir skoðunum og viðhorfum annarra. Í hóp fara af stað umræður um efnið þar sem mörg sjónarmið koma saman en það dýpkar skilning nemenda á umfjöllunarefninu. Auk þess festist efnið betur í minni þegar nemendur fá tækifæri til þess að útskýra fyrir öðrum, rökræða eða tala saman um efnið (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, 178-179).

Eðli samþættingar felur oft í sér samskipti og samvinnu nemenda. Til þess að auka virkni nemenda og ábyrgð á eigin námi er þörf fyrir kennsluaðferðir sem eru áhugahvetjandi. Reynslunám, samvinna, samskipti og samþætting námsgreina eru þættir sem virðast vekja áhuga og virkni nemenda (Dewey, 2000, bls. 38).

Gamalgrónir kennsluhættir sem sums staðar eru enn við lýði hafa oft verið gagnrýndir og þeir taldir gamaldags mötun þar sem fari fram lítil sem engin samvinna nemenda. Nemendur geti því ekki tengt eigin reynslu og þekkingu við viðfangsefnin þar sem þá skortir þá reynslu sem gæti gert nám þeirra merkingarbært (Barsamian, 2014, bls. 148).

Í 2. gr. laga um grunnskóla (2008) kemur fram að *„ skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra" .* Aðalnámskrá tekur í sama streng þó ekki komi fram hvernig að því skuli staðið og hverjum grunnskóla fyrir sig sé ætlað að útfæra þetta á sinn hátt. Það kemur þó greinilega fram að nemendum sé ætlað að öðlast reynslu sem dýpki skilning þeirra á þeim viðfangsefnum sem þeir fást við. Frjótt umhverfi, sköpun og verkleg færni séu þættir sem stuðla að því að nemendur geti tengt þau viðfangsefni við daglegt líf (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2011). Það er því greinilegt að til þess er ætlast, bæði í lögum um grunnskóla og *Aðalnámskrá grunnskóla*, að nemendur fái tækifæri til félagsþroska og

geti fengist við viðfangsefni sem eru þeim merkingarbær. Félagsþroski og samskiptahæfni, ásamt raunverulegum viðfangsefnum, geta örvað innri hvata til náms (Pantiz, 1999, bls. 4-5). Virkni og sjálfstæði nemenda er talin aukast við samþættingu námsgreina þar sem ýtt er undir sjálfstæð vinnubrögð og val á því á hvaða formi þeir skila úrlausnum (Berglind Axelsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir, 2011, bls. 12). Dæmi um form sem nemendur gætu valið á milli fyrir úrlausnir sínar gætu verið myndbandsupptaka, fyrirlestur, veggspjald, leikrit og svo mætti lengi telja. Verkefnið okkar er eins og fyrr segir kennsluhugmyndabanki sem inniheldur samþættar námsgreinar og samvinnu kennara. Stór hluti þeirra kennsluáætlana sem finna má á vefsíðu kennsluhugmyndabankans krefst þess að nemendur vinni saman eða í hóp. Ávinningur nemenda af samþættingu námsgreina og samvinnu nemenda var eitt af þeim atriðum sem við höfðum í huga við gerð kennsluáætlana.

3.5 Vefsíða með kennsluhugmyndum

Sköpunarverk okkar er vefsíða með kennsluhugmyndum sem hefur að geyma kennsluáætlanir þar sem áhersla er lögð á samþættingu námsgreina og samvinnu kennara. Í upphafi samstarfs okkar undirhóps fóru fram miklar umræður og vangaveltur um hvernig afurð okkar ætti að vera. Ótal hugmyndum var kastað fram og tilbaka og að lokum komumst við að þeirri niðurstöðu að hugmyndabanki með kennsluáætlunum á vefsíðu væri góð framsetning á þeirri afurð sem við komum okkur saman um. Undirbúningsvinna við gerð kennsluáætlana einkenndist af lýðræðislegum vinnubrögðum. Við fundum nokkrar gerðir af sniðmátum sem okkur leist vel á og kusum síðan um það lokaútlit sem okkur leist hvað best á. Við vorum sammála um að kennsluáætlanirnar ættu að innihalda sem flesta eftirfarandi þætti: samvinnu kennara og samþættingu námsgreina, skýr lykil- og hæfniviðmið og góðar kennsluleiðbeiningar ásamt tengingu við grunnþætti og aukna virkni nemenda, nákvæmar lýsingar á kennsluferli og að hverri kennslustund séu gerð góð skil. Verkefnin geta kennarar og kennaranemar ýmist notað einir eða í samvinnu við aðra kennara. Hluti kennsluáætlana er raunprófaður og hefur verið þróaður á vettvangi. Við tókum sömuleiðis mið af því að mögulegt væri að einstaklingsmiða þær svo þær henti öllum nemendum.

Verkefnin eru 12 talsins og miða að samþættingu námsgreina. Þau eru flokkuð í þrjá undirflokka, yngsta stig, miðstig og elsta stig. Verkefnin eru sett skipulega upp og markmið okkar var að hafa þau eins auðskiljanleg og aðgengileg og mögulegt væri þannig að hver sem er gæti nýtt sér þau. Undir hverju kennsluverkefni er stutt lýsing á verkefninu með meðfylgjandi skjali þar sem eru nánari upplýsingar og fylgiskjöl. Auk efnisins sem að

framan er tilgreint er þarna að finna tengla sem vísa til ýmissa vefsíðna sem innihalda fleiri samþætt verkefni og kennsluáætlanir.

Við unnum ýmist saman, einslega eða í pörum að gerð kennsluáætlana en bárum reglulega saman bækur okkar. Ekki var um eiginlega ritskoðun að ræða í sköpunarferlinu en við samræmdum útlit og málfar og lásum yfir hver hjá annarri, veittum uppbyggilega gagnrýni og ráðleggingar. Einn helsti kostur hópsins er fjölbreytileiki hópmeðlima þar sem við erum mismunandi einstaklingar af mismunandi kjörsviðum og nálgun okkar á viðfangsefnunum ólík.

Við ákváðum að birta afurð okkar á veraldarvefnum vegna þess hve auðvelt er að nálgast efnið þar hvort sem er í tölvu, snjallsíma eða spjaldtölvu. Þessi tæki eru nánast til á hverju heimili á Íslandi. Í upphafi verkefnisins fengum við ráðleggingar frá Páli Ásgeiri Torfasyni sem er að ljúka kennarnámi og tók áður þátt í skapandi hópverkefni. Hann benti okkur á nokkrar gerðir af vefrænum forritum þar sem hægt er að búa til heimasíður og einnig hvar boðið er upp á hýsingu. Eftir miklar vangaveltur um hýsingu og lén ákváðum við að velja vefsíðuna weebly.com. Það vefsvæði er án endurgjalds, sem er kostur þar sem við höfðum ítrekað rekist á vefsíður í B.Ed verkefnum sem fundust ekki vegna þess að einungis hafði verið greitt fyrir ákveðið tímabil og að því loknu var síðan óaðgengileg. Þar sem okkar síða er án endurgjalds munu það ekki vera örlög hennar og hún ætti að lifa um ókomna tíð. Karen úr okkar undirhóp hafði notað þetta vefsvæði áður og kunni því vel til verka. Það hafði áhrif á þá ákvörðun okkar að velja þetta vefsvæði. Hún var tæknimaður hópsins og sá um að setja allt efnið inn á vefsíðuna og þykir okkur það hafa tekist vel. Við vildum að útlit og sniðmát væri snyrtilegt og stílhreint og leit á síðunni auðveld. Allar myndir sem notaðar eru á heimasíðunni eru sérhannaðar fyrir verkefnið og eru málaðar af Maríu Rós sem er í okkar undirhóp. Þess má geta að kennimerki (e. *logo*) verkefnisins okkar var hannað af Bryndísi Maríu, sem einnig er í hópnum, eftir mynd frá Maríu Rós. Markmið okkar var að hafa vefsíðuna bæði líflega og aðlaðandi og í tengslum við viðfangsefnið. Vefsíðuna má finna á eftirfarandi slóð www.kennsluhugmyndir.weebly.com.

3.6 Sýning

Sýning á afurðum heildarhóps fór fram miðvikudaginn 4. maí í Skála í húsi Menntavísindasviðs við Stakkahlíð. Til þess að undirbúa sýninguna var öllum meðlimum heildarhóps skipað í eftirfarandi nefndir: sýningarsvæðisnefnd sem Karen sat í, móttökunefnd sem María var í, kynninga- og auglýsinganefnd sem Steinunn var í, bakkelsisnefnd sem Bryndís María var í, tónlistarnefnd sem Karen og Jóhanna voru í, og

lokahófsnefnd sem Jóhanna var í. Tvær nefndir voru fyrir inntaksvinnu: heimasíðunefnd sem Bryndís María sat í og greinargerðarnefnd sem María sat í. Nefndirnar höfðu svo samskipti í gegnum *facebook* ásamt reglulegum fundum. Til að vekja athygli á sýningunni og viðfangsefni hennar bjó tónlistarnefndin ásamt heildarhópnum til texta við þekkt lag sem var tekið upp og tónlistarmyndband skapað. Heildarhópurinn fór einnig í myndatöku fyrir auglýsingu á verkefninu sem birtist svo á Uglu. Búinn var til viðburður á Facebook sem allir gátu boðið á til þess að auglýsa hann enn frekar. Þemalitur sýningarinnar var appelsínugulur og var það í höndum móttökunefndar að velja hann. Salurinn var skreyttur með appelsínugulum blöðrum, borðum, blómum ásamt veitingum sem voru í appelsínugulum lit. Þátttakendur skapandi hópverkefnis klæddust appelsínugulu eða skreyttu sig með appelsínugulum fylgihlutum.

Hver hópur fékk afmarkað sýningarsvæði þar sem verkefni hópsins var sérstaklega kynnt. Við hengdum upp myndir sem finna má á heimasíðunni og buðum uppá gjafapoka sem innihéldu sælgæti og á þeim stóð vefslóðin og logo síðunnar. Margir töluðu um það hve gott það var að fá eitthvað áþreifanlegt til þess að taka með heim og skoða nánar. Fjórar tölvur voru á borði við sýningarsvæðið þar sem gestir gátu sest niður og skoðað vefsíðuna og kynnt sér þær kennsluhugmyndir sem þar eru að finna. Myndirnar eftir Maríu vöktu sérstaka athygli á sýningunni og var það umtalað hversu aðlaðandi þær gerðu heimasíðuna.

Mikill fjöldi manns lagði leið sína á sýninguna og teljum við að vel yfir hundrað manns hafi mætt til þess að kynna sér þessi verðugu viðfangsefni. Okkur fannst virkilega gaman að heyra hvað fólk var jákvætt og ánægt með yfirhugtakið, afurðirnar og sýninguna í heild. Við í okkar undurhóp erum virkilega ánæðgar með hvernig til tókst.

3.7 Lokaorð

Kennsluhugmyndabankinn var búinn til með það í huga að auðvelda kennurum jafnt sem kennaranemum að nálgast kennsluáætlanir. Markmið okkar er að efla samþættingu námsgreina og samvinnu kennara og gera kennurum það sem auðveldast. Við sáum fyrir okkur að bankinn gæti létt undir með kennurum þegar þeir glíma við tímaskort. Fram hefur komið að tímaskortur einkennir kennarastarfið í meira mæli en áður og eru ástæður þess margþættar. Uppbygging og innihald verkefnisins er bæði í samræmi við grunnskólalög og áherslur í Aðalnámskrá grunnskóla. Lagt var upp með tvær rannsóknarspurningar. Annars vegar: Hver er ávinningur kennara af samþættingu og samvinnu? Hins vegar: Hver er ávinningur nemenda af samþættingu og samvinnu?

Ávinningur kennara af samþættingu námsgreina og samvinnu eru í aðalatriðum tímasparnaður, aukið öryggi og fagmennska, dreifð ábyrgð og kennsluhættir í anda laga um grunnskóla og Aðalnámskrá grunnskóla.

Ávinningur nemenda af samþættingu námsgreina og samvinnu er aukin virkni og ábyrgð á eigin námi, stuðningur við félagsþroska og tenging við raunveruleg viðfangsefni sem ætti að dýpka skilning þeirra.

Ferlið var bæði skemmtilegt og fræðandi. Okkur fannst vinna undirhópsins sérstaklega lærdómsrík þar sem mikil samvinna fór fram sem er nauðsynlegur undirbúningur fyrir okkur sem kennara. Þungamiðja verkefnisins er samvinna kennara og samþætting námsgreina og fengum við svo sannarlega að finna smjörþefinn af því hvernig það er að vinna náið með öðrum. Sameiginlegt markmið okkar allra var að skapa afurð sem reyndi á sköpunarkraft hópsins og okkur finnst hafa tekist vel til. Samvinna heildarhópsins og þá sérstaklega sameiginlegu fundirnir sem voru haldnir reglulega, skýrði heildarsýnina sem ákveðin var í upphafi og passað var þannig upp á að við færum ekki út af sporinu. Allt ferlið einkenndist af lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem allir lögðu sitt af mörkum og fengu að hafa rödd og skoðun. Afurð þessa undirhóps er að finna á heimasíðunni http://kennsluhugmyndir.weebly.com þar sem finna má kennsluáætlanir að samþættum verkefnum fyrir yngsta, mið- og elsta stig

4 Ævintýri Gunnu

Bjarni Bachmann, Hildur Hanna Ingólfsdóttir, Hulda Guðlaugsdóttir, Sigurður Ólafsson og Stefanía Ósk Þórisdóttir.

4.1 Inngangur

Markmið okkar með þessu verkefni er að aðstoða kennara og bæta leiðir til að samþætta námsgreinar innan skólastarfsins. Við viljum leggja okkar að mörkum til að andrúmsloftið verði jákvæðara og námið skemmtilegra bæði fyrir kennara og nemendur. Í leit að leiðum til að vinna að þessum markmiðum fæddist hugmynd um að skrifa bók. Í bókinni samþættast ýmsar námsgreinar og með ætti hún að veita nýja mögleika á að auðvelda kennurum samvinnu og samstarf. Henni er ætlað að skapa kennurum ný tækifæri til að vinna saman þvert á námgreinarnar þar sem hver kafli fer inn á tvær og oft fleiri námsgreinar. Bókin heitir *Ævintýri Gunnu* og í henni lendir Gunna í ýmsum ævintýrum og þarf að leysa úr fjölmörgum vandamálum og flækjum. Mörg þeirra verkefna sem fylgja og eru í bókinni er hægt að laga að mismunandi nemendahópum og ólíkum námsaðstæðum. Hérna verður gerð grein fyrir helstu kennsluaðferðum sem gert er ráð fyrir að nýttar séu þegar unnið er með bókina. Okkur fannst kennsluaðferðir leiklistar henta vel til að vinna með efni bókarinnar og reyndum að hafa þær sem útgangspunkt í bókinni. Þegar nemendur vinna í verkefnum á verklegan hátt í leiklistinni þá vill námsefnið oft verða minnistæðara og áhuginn eykst á viðfangsefninu. Í hverjum kafla er einnig komið inn á hreyfingu að einhverju leyti, því við teljum að hún ýti undir áhuga og auki einbeitingu nemenda á námsefninu.

Grunnskólinn er vinnustaður nemenda í að minnsta kosti tíu ár og það eru ár sem eru stór hluti af mikilvægasta þroska- og mótunarskeiði þeirra. Nauðsynlegt er að veita nemendum góð tækifæri til þess að njóta bernskunnar en á sama tíma öðlast félagsfærni, sjálfstæði, sjálfstraust og færni til að rækta skilning á manngildi hvers og eins. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 16) eru settir fram sex grunnþættir menntunar en þeir eru læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Þessir þættir eiga að vera stoðir í almennri menntun. Ef hugað er vel að því að efla alla grunnþættina innan skólastarfsins stuðlar það að því að nemendur geti orðið virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi.

Bókin fer inn á mismunandi námsgreinar skólastarfsins, list- og verkgreinar ásamt bóklegum greinum og auðveldar þannig samþættingu innan veggja skólans. Farið verður í nauðsyn fjölbreytilegra kennsluhátta og ýmsa kosti við samvinnu kennara. Gerð verður grein fyrir ýmsum kennsluaðferðum sem nýttar eru í bókinni um hana Gunnu og hvernig þær virka og hvernig hægt er að nýta þær.

4.2 Aðalnámskrá grunnskóla

Aðalnámskrá grunnskóla er byggð á lögum um grunnskóla (nr. 91/2008). Hún er leiðarljós fyrir grunnskóla landsins til að tryggja samræmi og að menntastefnu yfirvalda sé fylgt í hverjum skóla. Hver skóli ákveður hvernig námsgreinarnar eru kenndar en allir verða þeir að gera skólanámskrá sína þannig að hún sé í samræmi við aðalnámskránna. Einnig þarf að hafa hæfniviðmið hennar í huga þegar búin er til kennsluáætlun fyrir hverja námsgrein (Mennta- og menningamálaráðuneyti, 2013, bls. 10-11). Þeir sem semja nýtt námsefni þurfa einnig að taka mið af aðalnámskránni bæði almennum hluta hennar og greinasviðum.

Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 143-151) er listgreinunum skipt í dans, leiklist, sjónlistir og tónmennt. Verkgreinunum eru skipt í heimilsfræði, hönnun og smíði og textílmennt. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* er sett fram viðmiðunarstundaskrá fyrir list- og verkgreinar, þar kemur fram að jafnt vægi eigi að vera á milli listgreina og verkgreina. Markmið okkar er að nýta sögu- og verkefnabókina til að auka vægi verklegu greinanna innan skólastarfsins.

Í rannsókn sem gerð var og birt í ritröðinni *Starfshættir í Grunnskólum við upphaf 21. aldar* (Gerður G. Óskarsdóttir, Kristín Á. Ólafsdóttir, Brynjar Ólafsson, Helga Rut Guðmundsdóttir, Ingibjörg Kaldalóns, Ragnheiður Júníusdóttir, Rósa Kristín Júlíusdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir, 2014, bls. 243) má sjá að ekki voru list- og verkgreinar kenndar í þeim mæli sem *Aðalnámskrá grunnskóla* tilgreinir. Til dæmis segir að í 55% skóla landsins hafi heildartímafjöldi í listgreinum og heimilisfræði, skólaárið 2010-2011 verið minni en viðmiðunar-stundaskrá mælti fyrir um. Í sömu rannsókn (bls. 267) kom einnig fram að innan við helmingur almennra kennara nýtti leiklist eða leikræna tjáningu, hlustun á tónlist, textíl, dans eða smíði sem leið í kennslu sinni.

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 141) kemur fram að list- og verkgreinar gefi nemendum frelsi til þess að styrkja ímyndunaraflið sitt, sköpunargáfu, þekkingu og verkfærni. Þessar greinar þjálfi nemendur til að verða sjálfstæðir og hugsa gagnrýnið. Þær stuðli að alhliða þroska nemenda og undirbúi þá fyrir daglegt líf.

Bóklegar greinar eru stór hluti af skólastarfi hvers skóla. Nemendur styðjast í langflestum tilvikum við verkefnabækur sem kennarinn hefur fengið úthlutað og allir eru að vinna að sama efninu á sama tíma. Markmið bókarinnar *Ævintýri Gunnu* er að skapa frumlega nálgun á bóklegt efni og gefa kennurum nýtt efni sem þeir geta notað við kennslu sína, óháð námsgreinum.

Lykilhæfni í menntun felst, samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 86), meðal annars í því að þroska sjálfsvitund, samskiptahæfni nemenda, að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðissamfélagi, ásamt því að nýta sér eigin styrkleika til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar að því kemur. Í hverri námsgrein er lögð áhersla á almenna lykilhæfni og sérstæka hæfni fyrir viðkomandi grein eða svið.

Lykilhæfni er skilgreind í *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 86) sem þekking og leikni sem snýr að nemandanum sjálfum og með henni á að koma fram hæfni og matsviðmið hvers námssviðs fyrir sig. Til þess að hægt sé að meta hæfni jafnt á milli grunnskóla þarf að vera til mæling, kvarði eða viðmið sem skólar nota til að meta nemendur sína. Til að nemendur geti lokið grunnskólagöngu sinni þurfa þeir að geta uppfyllt viss hæfniviðmið og þurfa að geta sýnt fram á það í formi einkunna í lok 10. bekkjar. Í aðalnámskránni kemur fram að í lykilhæfni felist hæfni til að geta tjáð hugsanir sínar, miðlað skoðunum og geta kynnt sér aðrar skoðanir ásamt því að hafa tileinkað sér grunnþekkingu í hverjum námsþætti fyrir sig (bls. 56).

4.3 Grunnþættir menntunar

Gunnþættir menntunar eru stór þáttur í *Aðalnámsskrá Grunnskóla* og eiga að endurspeglast í öllum starfsháttum skólans. Markmið þáttanna er að byggja nemendur upp og gera þá læsa á samfélagið, menninguna, umhverfið og náttúruna. Einnig að þeir læri samvinnu og að taki virkan þátt í að viðhalda og þróa samfélagið. Grunnþættirnir eru sex talsins og skiptast þeir í læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun (Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 2013, 16-17).

Ævintýri Gunnu er skáldsaga með kennsluhugmyndum sem tekur mið af grunnþáttunum sex sem koma fram í ritröð sem gefin var gefin út af Mennta og menningamáluráðuneyti. Áhersla var lögð á leiðir til að efla samfélagsvitund nemanda í texta og verkefnum. Fjallað verður um grunnþættina og dregnir verða fram áherslupunktar þeirra eins og þeir eru kynntir í ritröðinni.

4.3.1 Læsi

Stefán Jökulsson (2012, bls. 20) bendir á að það sé bæði til hefðbundin skilgreining á læsi og víðari skilgreining. Hefðbundið læsi er þegar nemendur ná tökum á að koma hugsunum sínum á blað og hafa skilning fyrir texta. Hinsvegar þegar talað erum læsi í víðum skilningi er þegar nemendur geta skilið ýmis táknkerfi og miðlum. Stefán segir að læsi tengist öllum námsgreinum grunnskólans þar sem sem ein af meginstoðum náms er að vera læs. Nemendur verða að ná valdi á læsi og kennarar þurfa að þekkja leiðir til að styðja nemendur í því, til dæmis með því að gera námsumhverfið skemmtilegt og fræðandi. Ein af fjölmörgum aðferðum til þess að efla læsi er að samþætta mismunandi námsþætti ólíkra námsgreina og skapa þannig fjölbreyttan námsþátt. Námsefnið hefur þá fjölbreyttari orðaforða og þjálfar nemendur í að vinna með ólíka texta

4.3.2 Sköpun

Sköpun virkjar ímyndunarafl, örvar forvitni og áhuga. Hún ýtir undir gagnrýna hugsun og gefur nemendum tækifæri til að uppgötva og njóta. Sköpun opnar sífellt nýja möguleika, en allir hafa meðfædda hæfileika og vilja til að skapa (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Torfi Hjartarsson, 2012, bls. 18).

Kennari sem styðst við sköpun í kennslu sinni brýtur upp hið hefðbundna kennslumynstur, reglur og kerfi, ásamt því að veita nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína á annan hátt. Með því að nýta leik í kennslu opnast ýmsar víddir þar sem sköpunargleðin getur fengið að njóta sín. Gleði og hamingja eru þá oftast ekki langt undan í tímum enda veitir sköpun ákveðið frjálsræði og virkjar hugmyndaflug nemenda og gefur þeim vægi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 24).

4.3.3 Heilbrigði og velferð

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013) kemur fram að heilbrigði og velferð er mikilvægur þáttur í lífi nemenda og er það verkefni kennara og annarra starfsmanna grunnskólans að skapa umhverfi þar sem nemendum líður vel bæði andlega og líkamlega.

Grunnskólinn er sá staður þar sem nemendur verja stórum hluta bernskuára sinna. Umhverfið þarf að styðja nemendur til að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og heilbrigðan lífsstíl. Hreyfing er nauðsynleg fyrir þroska barna og hefur einnig áhrif seinna í lífinu. Þegar unnið er að því að samþætta heilbrigði og velferð námsgreinum þarf að gæta þess að verkefnin verði krefjandi og uppbyggileg fyrir nemendur (Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir, 2013, bls. 8).

4.3.4 Jafnrétti

Jafnrétti og mannréttindi haldast í hendur. Passa þarf að það sé oft fjallað um jafnrétti í skólum og það sé hluti af andrúmslofti skólans. Gæta þarf þess að allir séu jafnir og njóti mannréttinda, fagna skal fjölbreytileikanum. Í jafnréttismenntun læra nemendur að ígrunda og móta skoðanir sínar á mismunandi hugmyndum varðandi samfélagið og ýmis málefni. Nemendur læra um jafnrétti kynjanna, mismunandi menningu, þjóðerni, trúarbrögð, tungumál og lífsskoðanir annarra. Áhersla er lögð á kynjajafnrétti og brjóta upp kynjahlutverkin og staðalmyndir. Með jafnréttismenntun skapast tækifæri fyrir nemendur til að þroska hugmyndir sínar og lífsskoðanir. Auk þess læra nemendur að virkja hæfileika sína, átta sig á hvernig lifa má í frjálsu samfélagi í anda jafnréttis ásamt því að ýta undir aukinn skilning, víðsýni, umburðalyndi í garð annarra (Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013, bls. 8).

Í jafnréttismenntun er lögð áhersla á umræður um allt sem hægt er að ræða við nemendur í sambandi við alþjóðasamfélag okkar. Mikilvægt er að veita nemendum tækifæri fyrir umræður, frelsi til að tjá sínar skoðanir og láta ljós sitt skína (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 21-22).

4.3.5 Lýðræði og mannréttindi

Nútímasamfélag byggist á lýðræði og að nemendur læri að vinna á sameiginlegum lýðræðislegum grundvelli. Til þess að lýðræðislegt samfélag þrífist þurfa þegnar þess að bera virðingu fyrir öðrum og virða grundvallarmannréttindi óháð kyni, þjóðerni og skoðunum annarra. Allir verða að taka virkan þátt í mótun samfélagsins með því að taka þátt í lýðræðislegum ákvörðunum. Nám nemenda til lýðræðis og mannréttinda þarf að byggjast á gagnrýninni hugsun þar sem reynt er að fá nemendur til þess að prófa eigin skoðanir og hugmyndir um umdeilanleg viðfangsefni sem hefur ekki endilega eina nálgun (Ólafur Páll Jónsson, Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012, bls. 6).

4.3.6 Sjálfbærni

Algengasta skilgreiningin á sjálfbærni felur í sér að mannfólkið skili af sér umhverfinu þannig að næsta kynslóð fái umhverfið í sama ástandi og það fékk það afhent. Kennarar eiga því að vekja nemendur til vitundar um mikilvægi þess að viðhalda umhverfinu og náttúrunni með því að lifa á sem vistvænastan máta (Sigrún Helgadóttir, 2012, bls. 51). Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 20) er sjálfbærni skilgreind þannig að nemendur eiga að þekkja hringrás náttúrunnar, mikilvægi

heilbrigðs lífsstíls og hvernig gjörðir dagsins í dag geta haft neikvæð áhrif til lengri tíma litið.

4.4 Samvinna kennara

Almennt telja kennarar og skólastjórnendur að teymiskennsla sé mjög góð og að hún hafi mun fleiri kosti en galla. Einnig er almennt talið að hægt sé að læra margt af slíkri samvinnu. Við teymisvinnu koma fram fleiri hugmyndir, skoðanir og möguleikar á lausnum þar sem rætt er saman í teymum um nám og kennslu. Svanhildur María Ólafsdóttir (2009, bls. 5) talar um að með teymisvinnu falli einnig sameiginleg ábyrgð, stuðningur og vinnuhagræðing á einstaklinga innan teymisins sem geti veitt góðan stuðning.

Samvinnunám nemenda krefst mikils undirbúnings og góðs skipulags af hálfu kennara. Að kenna áfanga án stýrandi námsbóka er flókið en um leið gefur það mikið frelsi fyrir bæði nemendur og kennara. Slík kennsla gefur kennurum góða möguleika á að láta nemendur vinna saman, í stað þess að hver og einn vinni í sínu horni (Berglind Axelsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir, 2011, bls. 11-13).

Í *Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík* frá 2004 var til dæmis lögð áhersla á að kennarar ættu að auka áherslu á mun meiri samvinnu milli námsgreina. Meðal annars átti að efla samvinnu milli umsjónarkennara og sérkennara í listgreinum verkgreinum og íþróttum (Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, 2004, bls. 14).

4.5 Samþætting námsgreina

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* er ekki mikið fjallað um samþættingu en þar er lögð áhersla á að í skólastarfi sé mikilvægt að beitt sé fjölbreyttum vinnubrögðum og að kennsla eigi að taka mið af þörfum og styrk einstaklinga. Nemendur eigi að læra að verða sjálfstæðir, gagnrýnir og læra lýðræðisleg vinnubrögð. Einnig er talað um að nemendur þurfi að geta samþætt þá þekkingu sem þeir afla sér í náminu. Skólastjórnendur ákveða sjálfir hvort námsgreinar eru kenndar aðskildar eða samþættar en gæta þarf þess að námið sé heildstætt og byggi á grunnþáttunum sex og lykilhæfnin sé höfð í huga (Mennta - og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 51 og 132).

Í meistararitgerð Lilju M. Jónsdóttur (1995, bls. 10-15) fjallar hún um samþættingu. Þar talar hún um hversu sjaldan fjallað er um hugtakið en samt sem áður er ætlast til að kennarar viti hvað það er. Hún segir að samþætting sé skilgreind á mismunandi hátt af ýmsum fræðimönnum og hugtakið geti verið mismunandi milli landa. Einnig segir Lilja að kostir samþættingar séu mun fleiri en ókostir því samþætting kalli á fjölbreyttari

kennsluaðferðir og að nemendur geti verið með í skipulagningu eigin náms. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* er fjallað um gildi samþættingarinnar sem sjá má hér: „Í samfélaginu eru verkefni yfirleitt ekki sundurgreind og einangruð heldur samofin mörgum þáttum. Þetta er mikilvægt að hafa í huga við skipulag skólastarfs. Því ætti að vera áhersla á samþættingu námsgreina þar sem horft er til verkefna sem hafa snertifleti við margar námsgreinar. Þannig má nálgast það markmið að gera námið merkingarbærara fyrir nemendur, skýra fyrir þeim samhengi fræðigreina og nauðsyn þess að hafa innsýn í heim þeirra." (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 51).

Fram kemur hjá Ingvari Sigurgeirssyni (2014) að þemavinna geti verið góð leið til þess að samþætta námsgreinarnar. Í henni sé unnið með umfangsmikil verkefni sem sameina marga mismunandi námsþætti. Kennari geti hafið undirbúning á þemavinnu með því að velja verkefni út frá námsgreinunum eða notað þá nálgun að velja námgreinarnar út frá þekkingunni sem nemendur þarfnast hverju sinni (Ingvar Sigurgeirsson, 2014, bls. 200). Í námskránni kemur einnig fram það viðhorf að vinnuferlið sjálft sé mun mikilvægara en afrakstur vinnunnar og mikilvægt sé því að minna nemendur á það. Ekki sé nóg að lesa sér til um fagið, heldur sé nauðsynlegt að það sé iðkað og það ýti undir betri skilning. Nemendur eru missterkir á ýmsum sviðum og þemavinna gefur þeim tækifæri til þess að finna styrkleika sína (Mennta- og menningamálaráðuneyti, 2013, bls. 132). Berglind Axelsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir (2011, bls. 2-14) unnu að þróunarverkefni sem þær kölluðu SNÆ og var það þemaverkefni unnið við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Niðurstöður sýndu að nemendur urðu sjálfstæðari og vinnubrögð þeirra bötnuðu mikið milli ára. Skapandi kennsla gefur því mikið frelsi en getur á sama tíma verið mikil áskorun eins og þær komust að við vinnu þemaverkefnisins. Hugmyndin á bak við þróunarverkefnið var að samþætta nokkrar námsgreinar, bæði bóklegar og verklegar, í einn áfanga sem nemendur í fjölbrautaskóla Snæfellinga gátu skráð sig í einn veturinn. Þetta var gert til þess að búa til nýja skapandi nálgun á námsefnið.

4.6 Uppbygging bókarinnar

Við upphaf á nýjum námsþætti eða verkefni er mikilvægt að kennarinn nái að grípa athygli og vekja áhuga nemenda sem fyrst. Ein af þeim aðferðum sem kennarar nota til þess að koma verkefni af stað heitir kveikja. Hugtakið kveikja lýsir aðferð sem kennari notar í upphafi námsefnis til þess að draga fram áhuga nemenda. Kveikjan á að ýta undir skapandi hugsun, örva ímyndunarafl, ýta undir nýja og mismunandi nálgun og kalla eftir því hvaða þekkingu nemendur hafa á efninu ásamt því að tengja hana við námsefnið hverju sinni (Lilja M. Jónsdóttir, 2007). *Ævintýri Gunnu* var hugsuð sem kveikja fyrir nemendur til að opna nýjan námsþátt.

4.6.1 Notkun bókarinnar

Ævintýri Gunnu er skáldsaga með kennsluhugmyndum og fylgir þessi greinargerð henni. Kennarar geta notað sögubókina eftir því sem hentar hverju sinni en hún hefur að geyma tólf kafla og getur kennarinn ákveðið að fara í alla kaflana eða valið staka kafla eftir því sem hentar. Ef kennari velur að nýta sér staka kafla þarf hann þó að byrja ferlið á því að fara í fyrstu tvo kaflana þar sem aðalsögupersónurnar og tímavélin sem nýtist út alla söguna eru kynnt til sögunnar. Bókin er þannig vinnutæki sem getur nýst sem góð kveikja á nýjum námsþáttum eftir þema eða því efni sem kennari vill fara nánar í. Bókinni er ætlað að auðvelda kennurum að samþætta ýmsar námsgreinar og á sama tíma auðvelda þeim að opna fyrir umræður sín á milli um samþættingu eða inntak náms. Þannig byggir hver kafli ekki einungis á hugmyndum úr einni námsgrein heldur að minnsta kosti tveimur og oft fleiri.

Í kennsluleiðbeiningum við hvern kafla er stungið upp á notkun fjölbreyttra kennsluaðferða. Grunnnálgunin er þó söguaðferðin og áhersla er lögð á að skapa aðstæður fyrir hreyfingu nemenda í tengslum við vinnu með hverjum kafla. Nemendur fara með kennaranum í leiðangur og vinna verkefni jafnt og þétt í gegnum söguna og þannig lenda þeir í þeim ævintýrum sem Gunna lendir í. Gunna er 12 ára gömul fjörug stúlka sem á erfitt með nám og til að fá stuðning í námi fer hún í einkakennslu. Kennarinn sem hún fer til er sérkennilegur vísindamaður, sem hefur smíðað sína eigin tímavél. Hann heitir Ormur og er heldur einkennilegur en ljúfur maður sem aðstoðar hana við ýmsar námsgreinar. Gunna er hikandi og frekar neikvæð við fyrstu kynni þeirra en það breyttist fljótlega. Hún kynnist tímavél Orms sem reynist vera hið besta kennslutæki.

Til að virkja tímavélina þarf hreyfi- og hljóðorku og aðstoðar Gunna Orm við að framleiða hana. Í hvert skipti sem þau ferðast í tíma leika nemendur svokallaðan tímavélaleik sem er betur útskýrður í bókinni sjálfri. Þegar Gunna og Ormur fara aftur í tímann hitta þau þekkta einstaklinga úr fortíðinni og hjálpa þeim að leysa ýmis vandamál.

4.6.2 Kennsluaðferðir (nýttar í sögu- og verkefnabókinni)

Það eru til ótal margar kennsluaðferðir og hafa þær ólík markmið. Kennarar þurfa því að hafa ákveðna þekkingu á ólíkum kennsluaðferðum og grunnhugmyndir um hvernig nýta má þær aðferðir sem hann hyggst nota. Þá getur hann valið kennsluaðferðir markvisst sem henta nemendahópnum og markmiðum námsins (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 45). Mikilvægt er að nemendur fái næg tækifæri til að taka þátt í því sem gerist innan kennslustofunnar og að kennarinn sjái til þess. Engir tveir nemendur vinna eins, og þurfa kennsluaðferðirnar að vera fjölbreyttar svo allir hafi jöfn tækifæri til náms. Það eykur

athygli og áhuga nemenda ef þeir taka virkan þátt, í hópum, para- eða einstaklingsvinnu (Wood, K. D. og Dickinson, T. S., 2000, bls. 58-59).

Samkvæmt Ingvari Sigugeirssyni (2013, bls. 45) er hægt að skipta kennsluaðferðum í óbeinar og beinar aðferðir. Þó er erfitt að alhæfa hvaða aðferðir séu beinar og hverjar óbeinar þar sem hver og einn hefur mismunandi skilgreiningar á Kennsluaðferðum. Samkvæmt skilgreiningum Paul S. Kaplan (1990, bls. 375-384) er einkenni þeirra að þær byggjast upp á skýrum markmiðum, góðum útskýringum og dæmum ásamt verkefnum sem sett eru fram í vel skipulagðri röð ásamt spurningum. Óbeinar aðferðir eru hins vegar flokkaðar sem leitaraðferðir, uppgötvunarnám og aðrar athuganir og fleira þar sem nemandinn sjálfur leitar sér heimilda og uppgötvar það sem hann á að læra (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 45).

Í köflunum hér á eftir verður fjallað um kennsluaðferðir sem við studdumst við í verkefnagerð bókarinnar *Ævintýri Gunnu*. Þeir kaflar skiptast í; Söguaðferðin, Einn Fleiri Allir, Innlifunaraðferðir, Hugarflug með leiðsögn, Kastljós og Kennarinn í hlutverki.

Söguaðferðin

Söguaðferðin varð til um 1960-1970 í Skotlandi sem svar við breyttri aðalnámskrá og nýrri hugmyndarfræði tengdri kennslu í grunnskólum. Aðalhöfundar söguaðferðinnar eru Fred Rendell og Steve Bell (2012) sem voru kennarar við Jordan Hill-kennaraskólann í Skotlandi. Áður en kennari fer af stað með söguaðferðina þá byrjar hann að spyrja nemendur opinna spurninga til að finna út hvað nemendur vita fyrirfram hvað þau vita um það efni sem þau eru að fara vinna í. Markmiðið með þessu er að fá nemendur til að hugsa sjálfa, rifja upp eða gera sér hugarlund eftir þeirra reynslu og þekkingu (Björg Eiríksdóttir, e.d). Nemendur taka virkan þátt í því að móta persónur, segja söguna, setja sig í spor þeirra og takast á við fjölbreytt viðfangsefni og að auki leita nemendur svara við mikilvægum spurningum sem tengjast sögunni þegar unnið er í söguaðferðinni (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 202). Þegar unnið er með söguaðferðina er reynt að ýta undir fjölbreytt vinnubrögð og geta nemendur unnið ýmist einir eða í misstórum hópum.

Einn, fleiri, allir

Kennsluaðferðin einn, fleiri, allir þjálfar nemendur í að mynda sér sínar eigin skoðanir, ræða þær ásamt skoðunum annarra og vinna með þær í sameiningu. Á þetta bendir Ingvar Sigurgeirsson (2013, bls. 184) og segir aðferðina henta vel til að virkja nemendur og vekja þá til umhugsunar. Hún sé þrískipt og taki allir nemendur þátt í hverju stigi fyrir sig. Fyrst er það einstaklingsvinna, en þá vinna nemendur með viðfangsefni á sjálfstæðan hátt og mynda sér sínar eigin skoðanir á efninu. Mikilvægt sé að nemendur skrái hjá sér hugleiðingar sínar og það sem þeim þykir athyglisvert. Næst taki við hópvinna en í henni

vinna nemendur saman í hópum og ræða um skoðanir og niðurstöður sínar og það sem þeir voru búnir að skrá hjá sér. Nemendur kynnast fjölbreyttari hugmyndum frá samnemendum sínum og að lokum kynna nemendur niðurstöður sínar sem þeir komu sér saman um í hópumræðunni fyrir nemendahópnum. Einn hópur kynnir í einu og koma þá allar niðurstöður sem mynduðust á framfæri.

Innlifunaraðferðir

Undir innlifunaraðferðir falla ýmsir hlutverkaleikir sem eru taldir mikilvægir í þroskaferli nemenda. Þegar notaðar eru innlifunaraðferðir þarf nemandinn að lifa sig inn í vissar aðstæður eða atvik og þarf þar af leiðandi að takast á við þær og tjá sig með einhverjum hætti. Nemendur eru beðnir um að ímynda sér eitthvað í huganum tengt námsefninu, sjá fyrir sér stað, fyrirbæri eða hluti til að vinna með á einhvern hátt (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 122). Í leiklist í kennslu bregða nemendur sér oft í hlutverk sem þeir þurfa að lifa sig inní. Anna Jeppsen og Ása Helga Ragnarsdóttir (2010, bls. 24) segja að nemendur vinnur þannig úr eigin reynsluheimi og takast á við ólík hlutverk. Þeir styðjist við eigin reynslu og reynsluna af hlutverkinu til að fást við tilfinningar og læri jafnframt á samfélagið. Skilingur og nám á sér stað þegar barnið ræðir um, rifjar upp og tengir við raunveruleikann.

Hugarflug með leiðsögn

Hugarflug með leiðsögn er kennsluaðferð sem fellur til dæmis undir innlifunaraðferðir. Innlifunaraðferðin byggist á sagnalist og sjónsköpun. Innlifunaraðferðinni má skipta í hugarflug með leiðsögn, leikræna tjáningu, sjónsköpun og sagnlist. Alla þessa þætti komum við inn á í *Ævintýri Gunnu.* Kennari fer með nemendum í ferðalag í huganum og segir sögu. Nemendur þurfa að nota ímyndunaraflið til að geta ferðast með. Þessi aðferð krefst virkrar þátttöku nemendanna og efniviðurinn getur verið margbreytilegur. Til dæmis er oft notast við sögulega atburði. Samkvæmt Ingvari er hægt að hvetja nemendur til að deila upplifun sinni með bekknum eða skrifa hana niður á blað í söguformi eða á annan hátt (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 126 – 127).

Kastljós

Kastljós er skemmtileg aðferð með leiklistarívafi. Þar er einn nemandi valinn til þess að fara í hlutverk persónu sem tengist námsefni hópsins. Gott er að velja aukapersónu sem er ekki mikið fjallað um. Samnemendur spyrja svo persónuna ýmissa spurninga til þess að fá nánari upplýsingar um líðan og bakgrunn hennar. Með því að beita þessari aðferð kemur fram annað sjónarhorn á söguna sem hefur verið valin og þannig dýpkar skilningur og ímyndunarafl nemenda (Anna Jeppesen, Ása Helga Ragnarsdóttir, 2010, bls. 28).

Kennari í hlutverki

Áhrifaríkt getur verið að vinna með kennsluaðferðina Kennari í hlutverki en henni er gjarnan beitt í leiklist í kennslu. Anna jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir (2010, bls. 17-18) benda á að þegar aðferðinni sé beitt verði kennarinn hluti af atburðarásinni og ein af persónunum í ímynduðum heimi með nemendum. Það þurfi að vera skýrt hvenær kennari er í hlutverki og hvenær ekki. Þessi aðferð opni nýja möguleika fyrir nemendur til að takast á við viðfangsefni, setja sig í spor annarra. Hún skýri sýn þeirra á viðfangsefnið og hvetji þá til að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Kennarinn geti haft áhrif á ferlið og víkkað sjónarhorn nemenda með ýmsum inngripum. Hann þurfi að hafa marga mikilvæga þætti í huga þegar hann fer í hlutverk og að skynja hvenær hann þurfi að hafa áhrif á atburðarásina og hvenær nemendur eigi að fá að njóta sín.

4.7 Leiklist í kennslu

Margir möguleikar skapast þegar unnið er með leiklist í kennslu. Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir (2010, bls. 9 og 17) tala um að eitt af markmiðunum þegar unnið er með leiklist í kennslu sé að efla ábyrgðarkennd, frumkvæði, sjálfstæði og umburðarlyndi nemenda. Auk þess er markmiðið að efla sjálfstæð vinnubrögð og frumlega hugsun hjá nemendunum. Hlutverk kennara sem notar leiklist í kennslu er að skapa aðstæður þar sem nemendur fá tækifæri til að skapa, túlka, og tjá eigin hugmyndir og annarra. Leiklist býður upp á öruggt umhverfi til að takast á við tilfinningar og finna lausnir á vandamálum og stuðla að jafnvægi milli tilfinninga og þekkingar nemenda. Nemendur öðlast sameiginlega reynslu í leik þar sem kennarinn leiðir ferlið áfram í leiklist í kennslu.

í leiklist í kennslu eru inntak, ímyndunarleikur og öruggt umhverfi helstu forsendurnar. Inntak er alltaf tengt mannlegum samskiptum. Með ímyndunarleik er átt við þegar námsefninu, frásögninni eða atvikinu sem á að skoða er breytt í ímyndaða sögu. Kennari verður að skapa öruggt andrúmsloft í kennslustofunni svo nemendur geti lifað sig inn í aðstæður. Mikilvægt er að nemendur viti til hvers er ætlast af þeim. Samkvæmt Önnu Jeppesen og Ásu Helgu Ragnarsdóttir (2010, bls 13 og 17). Þarf kennarinn að bera virðingu fyrir því sem nemendur segja og gera og sýna þannig fram á að traust eigi að ríkja í vinnunni og innan bekkjarins.

Í leiklist í kennslu þarf kennarinn að hafa leitt hugann að fjórum spurningum áður en farið er af stað í ferlið. Þessar fjórar spurningar eru oft kallaðar grunnþættir leiklistar í kennslu. Spurningarnar eru hver? hvar? hvenær? og hvað gerðist? Ef hægt er að svara þeim öllum hefur verið búinn til góður grunnur að verkefninu (Anna Jeppesen, Ása Helga Ragnarsdóttir, 2010, bls. 11).

Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningamálaráðuneyti, 2013, bls 145) snýst leiklist í skólastarfi um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreina. Þá er hægt að kenna leiklistina sem listgrein innan skólans eða nýta hana sem kennsluaðferð innan annarra námsgreina. Með því að taka þátt í leiklist eru nemendur að dýpka skilning sinn á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Leiklist reynir á stöðuga samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun og líkams- og raddbeitingu.

Í leiklist eru kennarar einnig að kenna nemendum um læsi í leiklist í víðu samhengi. Í slíku læsi felst að nemendur læri að lesa í mismunandi aðstæður, hvað gengur á hverju sinni og hvernig á að vinna úr aðstæðunum. Það reynir á þegar nemendur eru til dæmis að vinna með spuna og í hlutverkaleikjum. Leiklist er list augnabliksins og hægt er að samþætta leiklistarkennslu hvaða námsgrein sem er, hvort sem það er samfélagsfræði, erlend tungumál eða listgreinar. Það þarf ekki bara að beina sjónum að einhverju námsefni. Það gæti líka verið gott að skoða málefni sem er ofarlega á baugi í samfélaginu. Þannig má skerpa samfélagsvitund nemenda og virkja þá til lýðræðislegrar þátttöku. Sköpunarferlið er mikilvægur liður í leiklistinni og nauðsynlegt að enda ferlið á einhverri sameiginlegri kynningu eða leiksýningu sem nemendur hjálpast að við að setja upp (Mennta og menningamálaráðuneyti, 2013, bls. 145-146).

4.8 Mikilvægi hreyfingar

Hreyfing er mikilvægur þáttur í skólastarfi. Nemendur verja stórum hluta dagsins í skólanum og mikilvægt að kennarar skapi aðstæður og tækifæri fyrir þá til að stunda hreyfingu. Hreyfingarleysi barna er áhyggjuefni í iðnríkjum og þar á meðal í Vestur Evrópu. Þrátt fyrir að mælt sé með því að börn og unglingar stundi hreyfingu að meðaltali 60 mínútur á dag sýna rannsóknir að einungis þriðjungur allra barna í OECD löndum uppfylli þessi skilyrði (Hallås, B. O., Herfindal, T. og Wergedahl, H., 2014, bls. 2).

Leikfimi og sund eru námsgreinar sem hafa hreyfingu í forgrunni en þær ná ekki daglegri hreyfingu nemenda. Þess vegna er mikilvægt að hvetja kennara til að nýta sér hreyfileiki og þrautir í kennslustundum. Hreyfing er nauðsynleg fyrir vöxt og þroska hvers einstaklings og minnkar streitu og kvíða (Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir, Erla Kristjánsdóttir, 2013, bls. 37).

Ofþyngd er vaxandi vandamál hjá mörgum nemendum á grunnskólaaldri í heiminum í dag. Tæknivæðing gerir það að verkum að nemendur ganga síður í og úr skóla en áður og sjónvarps-, tölvu- og símanotkun hefur aukist til muna. Þessir þættir draga úr daglegri hreyfingu barna og gera það að verkum að nemendur í grunnskólum stunda lítið

íþróttastarf fá allt of litla hreyfingu á hverjum degi (Hallås, B. O., Herfindal, T. og Wergedahl, H., 2014, bls. 3).

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013) stendur að í skólanum þurfi að skapa heilsueflandi umhverfi þar sem unnið sé að heilbrigði frá ýmsum hliðum. Skólinn á að leggja áherslu á daglega hreyfingu og að markvisst hreyfiuppeldi sé til staðar. Þannig sé verið að leggja grunn að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Samkvæmt Lýðheilsustöð (2010, bls. 15), verða nemendur einbeittari í námi þegar þeir geta staðið upp og hreyft sig reglulega. Kennarar eiga oft í vandræðum með að koma meiri hreyfingu í kennsluna og því mikilvægt að þeir fái stuðning gegnum kennslu- og námsbækur.

4.9 Vinnuferlið

Yfirheiti verkefnisins var *Samþætting námsgreina og samvinna kennara*. Margar hugmyndir voru viðraðar um hentuga nálgun að þessu þema. Niðurstaðan var að gera skáldsögu sem samþættir námsgreinar með kennsluhugmyndum. Kaflarnir eru óháðir hvor öðrum, fyrir utan fyrsta og annan kafla, til að gera kennurum auðveldara að nýta bókina. Í upphafi hvers kafla eru námsgreinar taldar upp sem nýttar eru í kaflanum, sem ýtir undir samvinnu kennara.

Vinnuferlið var áhugavert og fjölbreytt og gaf okkur góðan tíma til þess að kynna okkur mismunandi þætti á bak við hönnun skáldsögu og námsbókar. Kristín Helga Gunnarsdóttir veitti okkur faglega aðstoð við persónusköpun og uppsetningu á sögunni. Við sýndum henni hugmyndir okkar og á móti fengum við leiðbeiningar hvernig best væri að byrja og bæta verkið. Seinna á ferlinu sendum við henni kaflana sem voru tilbúnir og fengum ábendingar varðandi heildarsöguþráð og uppsetningu samtala o.fl..

Hópurinn studdist við mismunandi fræðibækur sem innihéldu fjölbreyttar kennsluaðferðir svo sem *Litróf kennsluaðferða* eftir Ingvar Sigurgeirsson (2013) og *Leiklist í kennslu* eftir Önnu Jeppesen og Ásu Helgu Ragnarsdóttur (2010). Þessar bækur hjálpuðu að mynda stóran part af verkefnum sem bókin inniheldur, ásamt verkefnum sem við útbjuggum sjálf. Verkefnin eru fjölbreytt, bæði verkleg og bókleg. Hugmyndin var að koma með skemmtilega og frumlega nálgun á nám nemenda, ásamt því að gefa kennurum verkfæri sem þeir geta notað í kennslu sinni.

4.10 Sýningin

Sýning Skapandi hópverkefnis til B.Ed. var haldin miðvikudaginn 4. maí í Skála, Stakkahlíð við Háskóla Íslands. Hugmyndin bak við sýninguna var að sýna lokaafurð þriggja hópa,

hóparnir unnu afurðir sínar með það að markmiði að auka samþættingu námsgreina og samvinnu kennara. Viðfangsefnin sem kynnt voru á sýningunni voru kennslubókin *Ævintýri Gunnu*, vefsíðan *Kennsluhugmyndir fyrir grunnskólakennara* og spilið *Leið til kveikju*.

Vinnan á bak við sýninguna var skipt á milli allra nema í verkefninu. Nefndir voru myndaðar og þurfti hver og einn að vera í að minnsta kosti tveimur nefndum. Þær nefndir sem tengdust sýningunni voru auglýsinga- og kynningarnefnd, sýningarnefnd, móttökunefnd og bakkelsisnefnd. Auglýsinga- og kynningarnefnd sáu um að auglýsinga viðburðinn á samfélagsmiðlum. Sýningarnefnd sá um uppsetningu á sal fyrir sýninguna. Móttökunefnd sá um að taka á móti fólki og vísa því að sýningarsvæði. Bakkelsisnefnd sá um að útvega veitingar fyrir sýninguna og halda veitingaborðinu fínu meðan sýning stóð yfir. Einnig var starfrækt tónlistar- og myndbandanefnd sem hafði útbúið texta við lag sem tekið var upp 2. maí ásamt því að myndband var tekið upp sem allur heildarhópurinn tók þátt í. Myndbandið var virkilega góð auglýsing fyrir sýninguna þar sem hægt var að deila því á samfélagsmiðlum degi fyrir sýningardag. Myndbandið var spilað reglulega fyrir viðstadda.

Hver hópur fékk borð og færanlegt skilrúm til að setja verkefnið sitt upp á viðeigandi hátt. Á okkar skilrúmi var ferlið sett upp, alveg frá fyrstu uppköstum, hugmyndavinnu og skissur af myndum úr bókinni. Bókin sjálf var til staðar á borðinu fyrir viðstadda til að skoða.

4.11 Lokaorð

Hugmynd verkefnabókarinnar sem fylgir með sögubókinni *Ævintýri Gunnu* kom til vegna áhuga okkar á því að koma með hugmyndir um samvinnu kennara og samþættingu námsgreinanna. Við vildum gera námsefnið skemmtilegt og fróðlegt fyrir bæði starfsmenn grunnskóla og nemendur á miðstigi. Samþætting námsgreina gengur hér út á að skipuleggja kennslu námsgreinanna í gegnum blöndu af leiklist, sögu, bókmenntum og fleiri verklegum og bóklegum greinum. Þannig má finna nýja nálgun til þess að kenna námsefnið og gera það á áhugaverðan og skapandi hátt. Samþætting gerir skólastarfið skemmtilegra og eins og kom fram hér að framan stuðlar það að því að nemendur verði enn vinnuglaðari og njóti sín betur. Nauðsynlegt er þó að taka mið af ákvæðum Aðalnámskrár, grunnþáttum menntunar og viðkomandi skólanámskrár þegar samþætta á námsgreinar. Í vinnubókinni *Ævintýri Gunnu* eru sköpuð tækifæri fyrir kennara til að vinna saman og samþætta námsgreinar sínar. Hugmyndir að notkun ýmissa kennsluaðferða fylgja hverjum kafla fyrir sig og er samantekt og nánari útskýringar á þeim sem koma ekki fram hér að finna aftast í viðaukum bókarinnar. Þegar unnið var að bókinni þá byrjuðum

við á því að hitta Kristínu Helgu Gunnarsdóttur sem gaf góð ráð fyrir áframhaldandi vinnu. Við hjálpuðumst að með því að skipta vinnunni jafnt á milli allra og nota styrkleika hvers og eins við gerð bókarinnar.

Okkur fannst mikilvægt að hreyfing og leiklist væru stór þáttur í vinnu nemenda með bókina. Slík nálgun skapar möguleika fyrir fjölbreytta og skapandi vinnu. Við vinnslu á verkefninu fundum við rannsóknir sem sýna fram á meiri setu nemenda og mikilvægi fyrir virkri þátttöku þeirra í námi og kennslu. Með því að gera hreyfingu og leiklist að stærri þætti kennslunnar gefst kostur á að auka félagsfærni nemenda, sjálfstæði, sjálfstraust og færni til að rækta skilning á manngildi hvers og eins.

Vinnuferlið á bak við bókina *Ævintýri Gunnu* var lærdómsríkt og gaf okkur nýja sýn á hversu mikil vinna er á bakvið sögugerð og samþættingu við námsefni. Þetta er reynsla sem hjálpar okkur sem kennarar framtíðarinnar að bæta okkar eigin kennslu ásamt því að skilja mikilvægi fjölbreytts námsefnis.

Heimildaskrá

Amalía Björnsdóttir, Börkur Hansen og Ólafur H. Jóhannsson. (2006). Mótun skólastarfs – Hver er hlutur kennara? *Tímarit um menntarannsóknir 3*, 12–26

Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. (2010). *Leiklist í kennslu: handbók fyrir kennara.* Kópavogur: Námsgagnastofnun.

Anna Kristín Sigurðardóttir. (2008). Faglegt samstarf kennara. *Glæður, 18*, 13-19.

Árný Helga Reynisdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2013). Fleiri vindar blása: Viðhorf reyndra framhaldsskólakennara til breytinga í skólastarfi 1986–2012. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun.* Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/006.pdf

Barsamian, D. (2014). *Power Systems*. London: Penguin Books.

Bell, S. og Harkness, S. (2012, 16. febrúar*). What is storyline? The storyline approach*. Sótt af http://www.storyline-scotland.com/what-is-storyline-2/

Berglind Axelsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir. (2011). Samþætting námsgreina hefur fleiri kosti en galla: sagt frá þróunarverkefni í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun.* Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af: http://hdl.handle.net/1946/13703

Birna Sigurjónsdóttir. (2015). Kennsluhættir í grunnskólum Reykjavíkur – niðurstöður ytra mats. *Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/greinar/2015/alm/001.pdf

Björg Eiríksdóttir. (e.d.) Hvað er söguaðferð?. Sótt af https://bjorgeiriks.wordpress.com/hvad-er-soguadferd/

Börkur Hansen og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2014). Stjórnun og skipulag. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls. 87–112). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Dewey, J. (2000). *Hugsun og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. (2004). *Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2004*. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/starfsaetlun-2004_lokaskjal_0.pdf

Gerður G. Óskarsdóttir, Kristín Á. Ólafsdóttir, Brynjar Ólafsson, Helga Rut Guðmundsdóttir, Ingibjörg Kaldalóns, Ragnheiður Júníusdóttir, Rósa Kristín Júlíusdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir. (2014). X List- og verkgreinar. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*

Hallås, B. O., Herfindal, T. og Wergedahl, H. (2014). Comparison of the physical activity of 11–12 year old pupils in two schools in Norway and Iceland, using pedometer. Registrations and activity diaries. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/003.pdf

Hlynur Jónsson. (2015). *Að finna upp hjólið: Viðhorf kennara og stjórnenda grunnskóla Reykjanesbæjar gagnvart samvinnu og samnýtingu á kennsluefni á milli skóla* (óútgefin meistararitgerð). Sótt af *http://skemman.is/stream/get/1946/22031/50461/1/A%C3%B0_finna_upp_hj%C3%B3li%C3%B0.pdf*

Hreinn Þorkelsson. (2005). Hvort viljum við fjölþarfa- eða kennitöluskóla. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun.* Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. (2012). Sköpun: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Ingvadóttir og Silvía Gunnarsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar.* Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Ingvar Sigurgeirsson. (2013). *Litróf kennsluaðferðanna.* Reykjavík: Iðnú.

Kaplan, P.S. (1990). *Educational psychology for tomorrow's teacher*. St. Paul: West Puplicing Company

Kennarasamband Íslands. (e.d.). *Siðareglur kennara*. Sótt af: www.ki.is/um-ki/stefna/sidareglur

Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). Jafnrétti: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Sylvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennt- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Lake, K. (1994). *Integrated Curriculum.* Sótt af https://www.curriculumassociates.com/professional-development/topics/Integrated-Curriculum/extras/lesson1/Reading-Lesson1.pdf

Lilja M. Jónsdóttir. (1996). *Skapandi skólastarf.* Reykjavík: Námgagnastofnun.

Lilja M. Jónsdóttir. (1995). *Integrating the curriculum* – a *story of three teachers* (óútgefin meistararitgerð, The Ontario Institute for studies in education). Sótt af http://skemman.is/en/stream/get/1946/14108/33717/1/Masters-ritger%C3%B0_Lilja_M_J%C3%B3nsd%C3%B3ttir.pdf

Lýðheilsustöð. (2010). *Virkni í skólastarfi - handbók um hreyfingu fyrir grunnskóla*. Lýðheilsustöð: Reykjavík. Sótt af http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item12220/handbok-um-hreyfingu_net_allt.pdf

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir.(2013). Heilbrigði og velferð: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttur og Sylvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar) *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta-og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla*: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013. Reykjavík: höfundur.

Ólafur Páll Jónsson, Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). Lýðræði og mannréttindi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Sylvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar) *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Ólöf Ágústína Stefánsdóttir (2015). *Innlit í textílmennt: ferðalag til sjálfbærni í textílmenntakennslu á unglingastigi* (óútgefin meistararitgerð). Sótt af http://skemman.is/stream/get/1946/23303/52644/1/O$0301lo$0308f_A$0301gu$0301sti$0301na_Stefa$0301nsdo$0301ttir-7.pdf

Pantiz, T. (1999). *Collaborative versus cooperative learning: A comparison of the two concepts which will help us understand the underlying nature of interactive learning.* Sótt af http://files.eric.ed.gov/fulltext/ED448443.pdf

Parkay, W. F. (2006.) *Curriculum and instruction for becoming a teacher.* Bandaríkin: Pearson Education, Inc.

Russell-Bowie, D. (2009). Syntegration or disintegration? Models of integrating the arts across the primary curriculum. *International journal of education & the arts, 10*(28), 1-24. Sótt af http://www.ijea.org/v10n28/v10n28.pdf

Rúnar Sigþórsson (ritstjóri), Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West. (1999). *Aukin gæði náms – skólaþróun í þágu nemenda.* Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Schön, D.A. (1983). *The reflective practitioner – how professionals think in action*. New York: Basic books.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2002). Í eilífri leit – Virðing og fagmennska kennara. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/greinar/2002/005/03/index.htm

Sigrún Helgadóttir. (2013). Sjálfbærni: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Sylvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar) *Ritröð um grunnþætti menntunar.* Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Stefán Jökulsson. (2012). Læsi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Sylvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar) *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta- og Menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun

Svanhildur María Ólafsdóttir (2009). *Ef teymiskennsla er svarið hver er þá spurningin?* (óútgefin meistaritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík

Svanhildur María Ólafsdóttir. (2009). Ef teymiskennsla er svarið hver er þá spurningin? (óútgefin meistararitgerð). Sótt af http://skemman.is/stream/get/1946/4000/10016/1/Ef_teymiskennsla_er_svarið_hver_er_þá_spurningin..pdf

Thousand, J. S., Villa, R. A. og Nevin, A. I. (2006). The many faces of collaborative planning and teaching. *Theory into practice, 45*(3), 239-248. Sótt af https://www.researchgate.net/publication/237052348_The_Many_Faces_of_Collaborative_Planning_and_Teaching

Wood, K., D. og Dickinson, T., S. (2000). *Promoting literacy in grades 4-9, a handbook for teachers and administrators.* United States of America: Allyn & Bacon.

Wu, M.C. og Chen, Y.H. (2014). A factor analysis on teamwork performance – an empirical study of inter-instituded collaboration. *Eurasian journal of educational research*, *55*, 37-54. Sótt af http://www.ejer.com.tr/0DOWNLOAD/pdfler/eng/mingchan55.pdf